



SKOÐUN Varlega þarf að fara í laxeldi, segir Elín Hirst alþingismaður. **12**



MENNING Maðurinn sem hataði börn er skemmtileg og hárbeytt ádeila. **18**



LÍFID Ylfa Helgadóttir tók þátt í Food and Fun og var boðið að elda á Michelin-stað. **20**



SPORT Fótballtalandsliðið mætir stjörnum þrýddu liði Hollands í kvöld. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

13. október 2014
240. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Hætta undir Norðurljósum
Íbúar í Bláskógabyggð hafa áhyggjur af þeirri hætту sem þeir segja að skapist er rútur stoppi á miðjum vegi og hleypi ferðamönnum út til að horfa á norðurljósin. **2**

Berum ekki flutninga Icelandair mun fjölga ferðum í 9.800 á næsta ári. Þær voru 4.900 fyrir fimm árum. Landið er almennt illa búið undir stórauðna flutninga. **6**

Styrkja uppbyggingu á Gaza Evrópusambandið og Bandaríkin ætla að verja jafnvirði nærri 100 milljarða króna til uppbyggingar á Gasasvæðinu. Fjölmörg önnur ríki leggja sitt af mörkum en Ísrael situr hjá. **10**

Tilbúinn í dóm Uppljóstrarinn Edward Snowden segir að hann vildi gjarnan fara til Bandaríkjanna og mæta þar fyrir dómara ef réttarhöldin yrðu opin. **11**



Bolungarvík	3°	NNV 6
Akureyri	2°	S 2
Egilsstaðir	3°	SSA 2
Kirkjubæjarkl.	3°	A 3
Reykjavík	3°	VNV 3

Bjart með köflum víða en slydduél eða él norðvestanlands og skúrir með suðausturströndinni. Fremur hægur vindur og hiti 0 til 6 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



NATURA ISLANDICA
Betri heilsa náttúrulega

TURMERIKHYLKI
geggn bólgum og streitu

www.naturaislandica.is

Allt á huldu um veikindi og starfsmannaveltu hjá ríkinu

Mannekleldur því að upplýsingar vantar um starfsmannaveltu og fjarvistir og að ekki eru gerðar spár um mannaflapörf hjá ríkinu. Mikil þörf er á þessum upplýsingum, segir skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

STJÓRNSÝSLA Ríkið veit ekki hversu mikil starfsmannaveлта er hjá ráðuneytum og stofnunum. Engar upplýsingar liggja fyrir um fjarvistir og ríkið vinnur ekki spár um mannaflapörf fyrir næstu ár eða áratugi. Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og forstöðumaður kjara- og mannauðsskrifstofunnar, segir að mannekleldi því að ekki eru teknar saman tölur um starfsmannaveltu.

„Við höfum lítið komist í þetta vegna þess að við erum ekki nógu mörg. Við hefðum

gjarnan viljað vera með miklu betri tölfræði varðandi starfsmannamál,“ segir Gunnar. Að sögn Gunnars eru menn ekki á eitt sáttir um hvernig eigi að skilgreina starfsmannaveltu. „Við höfum lengi ætlað að vinna þessar skilgreiningar en ekki komist til þess,“ segir hann.

Ekki er heldur til miðlæg skráning um fjarvistir hjá ríkinu. „Það er hvernig hægt að fá yfirsýn yfir það hversu margir veikindadagar eru hjá ríkinu,“ segir Gunnar og bætir við að ríkið geri heldur ekki

neinar mannaflaspár. „Það eru engar spár til um hversu marga ríkisstarfsmenn gæti vantað til starfa á næstu árum og áratugum eða hvernig samsetning hópsins þyrfti að vera.“

Gunnar segir að menn finni verulega fyrir þörfinni á því að taka saman betri upplýsingar um starfsmannamál. „Það er stöðugt verið að biðja um upplýsingar um starfsmannamál,“ segir Gunnar sem ítrekar að tölurnar séu til en það vanti fólk til að vinna þær.

-jme / sjá síðu 8



„Það er hvernig hægt að fá yfirsýn yfir það hversu margir veikindadagar eru hjá ríkinu.“

Gunnar Björnsson, forstöðumaður kjara- og mannauðsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.



HOLLENSKAR STJÖRNUR

Arjen Robben og Robin van Persie og liðsfélagar þeirra í hollenska landsliðinu æfðu á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Hollendingar mæta í kvöld íslensku landsliði sem er á miklum skriði í undankeppni Evrópumótsins. Sjá síðu 22.

Varþingmaður Sjálfstæðisflokksins efast um forsendur fjárlagafrumvarps: Áætla matarkostnað allt of lágt

NEYTENDAMÁL Gert er ráð fyrir að það kosti 745 krónur á dag að fæða hvern einstakling, í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti. Hver fjölskylda verji rúmlega 2.980 krónum í öll matarinnkaup á dag.

Þessar tölur eru byggðar á neyslukönnun Hagstofu Íslands. Miðað er við hjón með tvö börn, annað yngra en sjö ára.

Bryndís Loftsdóttir, varþingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist ósammála þeim tölum sem lagðar eru til grundvallar í frumvarpi fjármálaráðherra. Hún verji tveimur milljónum í mat á ári. Bryndís á

mann og þrjú börn á aldrinum sex til ellefu ára. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda verji 988 þúsund krónum í mat og drykk.

Bryndís er ósátt við breytingar á virðisaukaskattsfrumvarpinu. „Það er nokkuð ljóst að boðuð einföldun mun ekki þýða lægri útgjöld fyrir almenning. Matvæli og aðrar vörur sem nú bera sjö prósent virðisaukaskatt munu samviskusamlega hækka í verði í takt við hækkingu á virðisauka og að auki um nokkrar krónur og tíkalla umfram það,“ segir Bryndís.



Bryndís Loftsdóttir húsmóðir og varþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

-jhh / sjá síðu 4

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Stefán, er Tinna að stela senunni?

„Já, hún hefur mörg hlutverk.“
Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólanna, hefur óskað eftir álitni menntamálaráðherra vegna þess að Tinna Gunnlaugsdóttir verður bæði leikari og leikhússtjóri í Þjóðleikhúsinu á komandi leikári.

Ferðamenn báru ábyrgð á milli 0,5 og 2,8 prósentu af útblæstri koltvísýrings á Íslandi árið 2011:

Stefnu skortir vegna mengunar ferðamanna

FERDAPJÓNUSTA Stefnu vantar á sviði mengunar af völdum ferðamanna að sögn Viðars Jökuls Björnssonar, umhverfis- og auðlindafræðings.

„Það er alltaf litið til tveggja þátta, hversu miklu ferðamenn skila í þjóðarþíði og hve margir þeir eru en í mörgum tilfellum gleymast umhverfispættirnir,“ segir Viðar Jökull sem nýlega lauk meistara-ritgerð í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands þar sem hann mat kolefnisspor ferðamanna á Íslandi árið 2011.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu þyrftu einnig að gera meira í þessum efnum. „Ferðaþjónustan gerir út á að spila Ísland sem þetta hreina og tæra land. Þá þarf hún að standa við það,“ segir Viðar Jökull og bætir við: „Langflestir eru ekkert að spá í þessu. Það olli mér svolitlum vonbrigðum.“

Meðalferðamaðurinn eyðir 50,2 kílóum af koltvísýringi á dag. Það er heldur minna en sambærileg rannsókn sem gerð var á hollenskum ferðamönnum sem eyddu um að

meðaltali 62 kílóum af koltvísýringi á dag.

Í heild áætlað Viðar Jökull að mengun af völdum ferðamanna sé á milli 0,5 og 2,8 prósentu af heildar-útblæstri koltvísýrings á Íslandi. Sú tala mun þó fara hækkandi á næstu árum með auknum fjölda ferðamanna.

MENGUN Viðar Jökull segir ferðaþjónustuna þurfa að huga meira að mengun af völdum ferðamanna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FYLGST MED STRÍÐINU Íbúar í Tyrklandi fylgdust með átökum rétt handan landamæra, í sýrlenska bænum Kobani.

Vígasveitir Íslamska ríkisins herja á Kúrda:

Hart barist á götum Kobani

TYRKLAND, AP Harðir bardagar geisðu í gær í sýrlenska bænum Kobani, rétt við landamæri Tyrklands. Vígasveitir Íslamska ríkisins herja þar á Kúrda, sem flestir hverjir hafa þó flúið frá bænum yfir til Tyrklands.

Liðsmenn Íslamska ríkisins eru þungvopnaðir, með öflug vopn í sínum fórum sem þeir hafa stolið frá sýrlenska hernum. Kúrdarnir í Kobani standa verr að vígi, með smærri vopn á borð við riffila og litlar sprengjur sem þeir notuðu til að leggja gildirur.

Kúrdar hafa sakað tyrknesk stjórnvöld um aðgerðarleysi, en loftárásir Bandaríkjanna og fleiri ríkja hafa til þessa ekki dugað til að stöðva sókn Íslamska ríkisins.

Norðurljósaskoðarar stofna sér oft í hættu

Íbúar í Bláskógabyggð hafa áhyggjur af þeirri hættu sem þeir segja að skapist er ferðamenn komi til að horfa á norðurljós. Rútur nemi stundum staðar á miðjum vegi og hleypi fólki út. Framkvæmdastjóri Kynnisferða segir það vera bannað.

SVEITARSTJÓRNIR Íbúar í Bláskógabyggð telja að skipulagðar norðurljósiferðir skapi hættu á vegum innan sveitarfélagsins, einkum á Lyngdalsheiði og á vegum innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

„Það sem skapar hættu er að hópfarabílar stoppa á miðjum veginum og hleypa farþegunum út. Fólk er svo að horfa á norðurljósina standandi á miðjum veginum eða í vegköntunum og uggrir ekki að sér,“ segir Kristinn Bjarnason, formaður atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar.

Kristinn segir að sveitarfélagið ætli að ræða málin við ferðaþjónustufyrirtæki og Vegagerðina og gera þeim grein fyrir hættunni. Hann segir að það séu útskot á vegunum þar sem rútur eiga að geta stoppað en það geti verið að bílstjórar og fararstjórar viti ekki af útskotunum. Þá geti komið tímabil þar sem útskotin eru lokað vegna snjóá og það þurfi að ræða við Vegagerðina.

„Þegar er hálfskýjað eru bílstjórar að leita að norðurljósunum, það kannski opnast glufa og þau koma í ljós og þá er stoppað á punktinum og ferðamönnum hleypt út,“ segir Kristinn. Ekki sé langt síðan minnstu munaði að kona á bíl lenti á hópi ferðamanna sem stóðu á miðjum veginum og voru að horfa á norðurljósina.

„Þetta fólk var ekkert að fylgjast með umferðinni, það stóð á miðjum veginum í svartamykrri og horfði hugfangið á norðurljósina. Ökumanninum var hins vegar mjög brugðið,“ segir Kristinn.

Talið er að um 100 þúsund manns hafi farið í skipulagðar norðurljósiferðir í fyrravetur, langflestir á suðvesturhorninu.



AÐDRÁTTARAFL Fjöldi ferðamanna kemur á hverju ári til Íslands í þeim eina tilgangi að sjá norðurljós. Peir geta skapad hættu á þjóðvegum þegar þeir standa á miðjum veginum og horfa til himins og gleyma stund og stað.



KRISTJÁN DANIELSSON

Pistorius enn fyrir rétt:

Ákvörðun um refsingu birt

SUÐUR-AFRÍKA, AP Hlauparinn Oscar Pistorius kemur í dag fyrir rétt í Suður-Afríku til að hlýða á dómara kveða upp úrskurð um refsingu í máli hans.

Pistorius var í september dæmdur sekur um manndráp en sýknaður af ákæru um morð. Hann varð unnustu sinni að bana á heimili sínu í Pretoría þann 14. febrúar á síðasta ári.

Pistorius á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi, en getur enn áfrýjað dómnum til hæstaréttar.

ISNIC lokar léni:

Vef Íslamska ríkisins lokað

FJARSKIPTI Íslensk stjórn ISNIC, skráningarstofu léna á Íslandi, ákvað í gær að loka lénnum hryðjuverkasamtakanna Íslamsks ríkis.

„Um fordæmalausla aðgerð er að ræða, þar sem ISNIC hefur aldrei fyrr lokað léni vegna innihalds vefjar,“ segir í tilkynningu frá ISNIC.

Samtökin, eða einstaklingar þeim tengdir, hafa notað lénið undir fréttasíðuna Khilafah.is þar sem birtar hafa verið fréttir frá Íslamska ríkinu.



„Þetta fólk var ekkert að fylgjast með umferðinni, það stóð á miðjum veginum í svartamykrri og horfði hugfangið á norðurljósina. Ökumanninum var hins vegar mjög brugðið.“

Kristinn Bjarnason, formaður atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar.

Til að sjá norðurljósina er farið með ferðamenn á Reykjanesið, upp á Hellisheiði, á Þingvelli, upp í Hvalfjörð og Borgarfjörð.

johanna@frettabladid.is

Fyrsta dansmót vetrarins var haldið í Smáranum í Kópavogi í gær:

Hundrað danspör á öllum aldri

SAMFÉLAGSMÁL „Þetta hefur gengið alveg eins og smurð vél,“ segir Ellen Dröfn Björnsdóttir, formaður Dansíþróttafélags Kópavogs, um fyrsta dansmót vetrarins sem haldið var í Smáranum í Kópavogi í gær.

Mótið hófst klukkan tíu í gærmorgun og stóð til klukkan átta í gærkvöldi. Um hundrað pör tóku þátt í mótinu en keppendur voru á öllum aldri. Yngstu keppendurnir voru sex ára en þeir elstu ríflega tvítugir. „Það var keppt í bæði ballroom- og latin-dönsum í öllum styrkleikaflokkum,“ segir Ellen.

Fimm erlendir dómara dæmdu mótið sem hefur verið í undirbúningi síðasta hálf ári. „Við byrjuðum í maí því við þurftum að bóka flugfar fyrir dómara á góðum kjörum,“ segir hún.

„Við höfum fengið mikið af sjálf-



DANSMÓT Keppt var í hinum ýmsu tegundum samkvæmisdansa í Smáranum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

boðaliðum úr félögunum að gera og græja þannig að þetta hafi allt getað tekist“ segir Ellen sem áætlað er að í heild hafi um fimmtíu sjálfbodaliðar komið að mótinu með einum eða öðrum hætti.

Þetta er í fyrsta sinn sem mótið

er haldið og að sögn Ellenar var mikil þörf á mótinu. „Hingað til hefur fyrsta mót verið haldið í nóvember en okkur fannst við þurfa að hefja önnina fyrr,“ segir hún.

-ih

Siðmennt

Málsvari veraldlegs samfélags

Skráðu þig í félagið á www.sidmennt.is

SIDMENNT

www.sidmennt.is

kynntu þér málið!

PEUGEOT 308



BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU



NÚ FÁANLEGUR MEÐ
**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

PEUGEOT 308

kostar frá kr. **3.360.000**



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,1** til **5,4L/100km** og CO₂ útblástur (g/km) frá **82** til **125**.

KOMDU Í HEIMSÓKN OG REYNSLUAKTU BÍL ÁRSINS

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsáilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akronesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Pú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

*Viðbótarbyrgð Peugeot, SAFE +3

SVONA ERUM VIÐ



46% fjölgun varð á fönfum á Íslandi á milli árunna 2002 og 2012.

Fyrra árið sátu að meðaltali 85 fangar í fangelsum landsins en árið 2012 dvöldu að meðaltali 119 manns í fangelsi á hverjum tíma.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Borgarstjóri Reykjavíkur og bæjarstjóri Kópavogs funduðu um sundlaug og samgöngur í Fossvogi: Brúin yfir Fossvog beri líka strætisvagna

SKIPULAGSMÁL Samstaða er milli borgaryfirvalda í Reykjavík og bæjaryfirvalda í Kópavogi um að fyrirhuguð brú yfir Fossvog verði hönnuð þannig að hún geti borið strætisvagna þótt hún sé fyrst og fremst ætluð fyrir gangandi vegfarendur og hjóla-fólk.

Málefni Fossvogs voru rædd á fundi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra fyrir rúmri viku. Þar var samþykkt

að halda fund með Vegagerðinni varðandi Fossvogsbrú því mannvirkið væri svokallaður stofnstígur milli sveitarfélaga. Þá var embættismönnum falið að ræða við siglingamenn sem gagnrýnt hafa brúaráformin.

Á fundinum var einnig rætt um staðsetningu sameiginlegrar sundlaugar í Fossvogsdal. Skoða á þrjá staði nánar. Að því loknu verður unnið sameiginlegt skipulag fyrir dalinn í heild.



FOSSVOGSBRÚ Tengja á Kópavog og Reykjavík með brú úr Kársnesi yfir Fossvoginn.

-gar



PÁLL MATTHÍASSON Forstjóri Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki búin undir ebólu:

Viðbragðsteymi ekki fullskipað

HEILBRIGÐISMÁL „Ef það kæmi ebólusmitaður sjúklingur hingað í dag þá myndi ég segja að við værum ekki undirbúin,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Mikil hræðsla hefur gripið um sig eftir að heilbrigðisfyrirvöld í Texas fullyrtu í gær að starfsmaður hefði smitað af ebólu. Það er annað smitið sem upp kemur utan Vestur-Afríku. Páll segir viðbragðsteymi hér á landi ekki fullmannað en að lokaundirbún-ingur sé nú í gangi. Leit standi yfir af fólk sem er tilbúið að ganga til liðs við viðbragðsteymi þar sem eru um 30 stöðugildi. -þþ

Risalaníð til Kaupþings:

Ákvörðun tekin í ljósi aðstæðna

STJÓRN MÁL Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, segir 500 milljóna evra neyðarlán sem Seðlabankinn veitti Kaupþingi þann 6. október árið 2008 hafa verið tilraun til að bjarga bankanum. Ef það hefði tekist og Kaupþing lifað þá hefði myndin orðið allt önnur og miklu viðráðanlegri.

Þetta kom fram í gær í sjónvarpsþættinum Eyjunni á Stöð 2. Tap Seðlabankans og þar með skattgreiðenda vegna lánsins er um 35 milljarðar króna. Geir segir ákvörðunina um lánið verða að meta í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru uppi, ekki þess sem menn vita núna. -gag

Ríkið segir 250 krónur duga fyrir máltíðinni

Gert er ráð fyrir að það kosti 745 krónur að fæða hvern einstakling á dag. Fjögurra manna fjölskylda verji 92 þúsund krónum í mat og drykk á mánuði. Þetta eru þær tölur sem liggja til grundvallar í frumvarpi um breytingar á virðisaukaskatti.

NEYTENDAMÁL Gert er ráð fyrir að það kosti 745 krónur á dag að fæða hvern einstakling, í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti. Hver fjölskylda verji rúmlega 2.980 krónum í öll matarinnkaup á dag. Hver máltíð á einstakling kosti 248 kr.

Þessar tölur eru byggðar á neysluskönnun Hagstofu Íslands. Miðað er við hjón með tvö börn, annað yngra en sjö ára. Miðað við þetta er búist við því að fyrirhuguð hækkun á matarskatti kosti heimilin 4.315 krónur á mánuði. Sé kostnaður við matar- og drykkjarinnkaup meiri en þar er gert ráð fyrir má gera ráð fyrir að áhrif af hækkun matarskatts verði líka meiri.

Bryndís Loftsdóttir er húsmóðir og jafnframt varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hún er ósamála þeim tölum sem lagðar eru til grundvallar í frumvarpinu. Hún segist verja tveimur milljónum í mat á ári, en Bryndís á mann og þrjú börn á aldrinum 6-11 ára. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda verji 988 þúsund krónum í mat og drykk.

Bryndís er ósátt við breytingar á virðisaukaskattsfrumvarpinu. „Það er nokkuð ljóst að boðuð einföldun mun ekki þýða lægri útgjöld fyrir almenning. Matvæli og aðrar vörur sem nú bera sjö prósent virðisaukaskatt munu samviskusamlega hækka í verði í takt við hækkun á virðisauka og að auki um nokkrar krónur og tókalla umfram það,“ segir Bryndís.

Bryndís segir að Danmörk sé eina landið í Evrópu með eitt skattþrep. „Þeir eru með 25% virðisauka-



BÓNUS Gert er ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda verji 92 þúsund krónum í mat og drykk á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTGJÖLD HEIMILANNA Á MÁNUÐ

Table with 2 columns: Description (Heildarútgjöld fjögurra manna fjölskyldu á mánuði, Útgjöld í mat og drykk á mánuði, etc.) and Amount (57.0000 kr., 92.340 kr., etc.)

skatt. Vissulega einfaldur en afar hár skattur. Í Sviss og Noregi, sem standa fyrir utan Evrópusambandið, líkt og við, eru þrjú virðisaukaskattþrep,“ segir hún.

Bryndís segir að það sem þurfi að horfa til sé að fella niður vörugjöld og einfalda tollflokkin. „Það er verdukt verkefni fyrir fjármálaráðuneytið ásamt afnámi haftu sem vonandi er í algjörum forgangi. Þegar við svo réttum betur úr kútnum lækkum við efra skattþrepið, um það verður varla neinn ágreiningur,“ segir Bryndís.

jonhakon@frettabladid.is



Matvæli og aðrar vörur sem nú bera sjö prósent virðisaukaskatt munu samviskusamlega hækka í verði í takt við hækkun á virðisauka og að auki um nokkrar krónur og tókalla umfram það

Bryndís Loftsdóttir.



FYLGST MEÐ ÖLDUGANGI Háar öldur skulu á ströndum eyjunnar Okinawa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öflugasti bylur ársins: Fárviðri á leið til Japans

JAPAN, AP Japanar bjuggu sig í gær undir heljarmikið færviðri, sem strax í gær var reyndar komið til syðstu eyja landsins en heldur síðan áfram norður eftir eyjunum. Stormsveipurinn nær til Tókýó á morgun, standist spár veðurfræðingna.

Það er fellibylurinn Vongfong, sem þarna er á ferðinni, og er sagður öflugasti fellibylur ársins. Í gær feykta hann um koll rafmagnsmóstrum og umferðarmerkjum.

Reiknað var með að fella þyrfti niður lestarsamgöngur að hluta í Tókýó og nágrenni. Varað er við aurskriðum. -gb

Útanríkisráðherra ytra: Þarf af fjárfesta í mannaúði

STJÓRN MÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sat á laugardag fund þróunarnefndar Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Nefndin ræddi hvernig Alþjóðabankinn gæti betur brugðist við ójafnræði í heiminum og aukid velmegun og hagsæld fyrir þá fátækustu. Í frétt frá utanríkisráðuneytinu segir að Gunnar Bragi hafi lagt áherslu á að fjárfesta þurfi frekar í mannaúði í fátækustu ríkjunum, tryggja jafnrétti kynja og efla tekjuöflun í þróunarlöndunum sjálfum. -gar

Advertisement for belVita Breakfast and Orka cereal, featuring images of the products and a bowl of cereal.

Veðurspá

Weather forecast map of Iceland and surrounding regions with temperature and wind speed indicators.

STILLT HAUSTVEÐUR verður víða á landinu næstu daga og nokkuð sólríkt. Lítilsháttar úrkoma fellur á Norðvesturlandi og með suðausturströndinni í dag en á morgun lítur út fyrir að verði úrkomulaust.




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

SMURT ER... Í OKTÓBER

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota



Manstu gömlu bílnúmerin?

Komdu og taktu þátt í smurningarleiknum okkar meðan við smyrjum bílinn. Þrjú heppin bílnúmer fá ókeypis smurþjónustu* og 50.000 kr. bensínúttekt í vinning.

20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru**

15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjar	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*Næsta smurþjónusta ókeypis hjá viðurkenndum þjónustuaðila (smurning og síur).

**Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Bókaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

FLUTNINGAR Á ÍSLANDI

Fljúga oftar en öll Norðurlöndin

Icelandair mun fjölga ferðum í 9.800 á næsta ári, en þær voru 4.900 fyrir fimm árum. Landið er almennt illa búíð undir stóraukna flutninga. Hafnastarfsemi á Íslandi þarf að svara kalli tímans með auknu samstarfi og byggja þarf upp fá en öflug hafnasvæði.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Flutningar á sjó og í lofti munu aukast gríðarlega á næstu árum. Því fylgja ótal tækifæri í millilandaflutningum en ekki síður áskoranir sem verður að mæta strax. Sveitarfélögin í landinu þurfa að líta til aukins samstarfs í hafnastarfsemi.

Tækifæri, ekki ógnir

Hafnir og aðrir innviðir í flutningum á Íslandi þurfa að taka stakkaskiptum á næstu árum gangi fyrirhugðu uppbygging í atvinnulífínu eftir. Útflutningur héðan gæti auðveldlega tvöfaldast fram til ársins 2030 og innflutningur aukist um þrjár milljónir tonna.

Þetta var meðal þess sem kom fram á ráðstefnu Íslenska sjávarklasans í gær, Flutningar á Íslandi til 2030, þar sem kafað var ofan í tækifæri og áskoranir í flutningum á Íslandi á næstu árum.



GÍSLI GÍSLASON

„Við sjáum að það þarf miklu stærri og afkastameiri hafnir í kringum landið en nú er,“ sagði Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, í erindi sínu um flutninga í nútíð og framtíð. Inn- og útflutningstölur, og spá um þróun næstu ára, sýna að útflutningur héðan var 2,2 milljónir tonna í fyrra en mun rúmlega tvöfaldast til 2030 gangi spár eftir. Innflutningur árið 2013 var 4,2 milljónir tonna en verður 7,4 milljónir tonna árið 2033, t.d. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar fjögurra kísilvera.

Aukið samstarf

„Við erum ekki komin á þann stað að sjá sameiningar sem tækifæri heldur frekar sem ógnanir við hafnastarfsemi, sem að mínu viti er mikill misskilningur. Menn eru hræddir um að hafnir verði lagðar af en þetta snýst frekar um hvar menn byggja upp sterkari innviði, segir Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna og formaður Hafnasambands Íslands, en hann ræddi um möguleika í hafnastarfsemi. Hans mat er að sameiningar eða aukið samstarf hafna í hverjum landshluta auk skarpari stefnu um hlutverk verði að koma til svo nýta megi þá innviði í byggðum landsins sem þegar eru fyrir hendi.

Gísli segir að á síðasta Hafnasambandsþingi hafi verið ákveðið að kanna á meðal eigenda hafnanna, sveitarfélögunna í landinu, hvaða



AKRANESHÖFN Faxaflóahafnir sf. tók til starfa 2005. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurbörn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

sameiningar, eða samstarf, gæti komið til greina.

Gísli benti á að dregið hefur úr vægi sjóflutninga innanlands með betra vegakerfi. Breytingar á stjórn fiskveiða hafa gert það líka með fækkun útgerða, skipa og fiskvinnslufyrirtækja. Einnig að samdráttur er í framlögum til framkvæmda, breytt lagaákvæði hafa gert mörgum höfnum erfitt fyrir að viðhalda mannvirkjum og takast á við nýframkvæmdir. Hann telur að minnstu hafnirnar eigi að líta til nýrra möguleika, eins og ferðapjónustu. Markaðurinn hafi á undanförunum árum ráðið því sjálfur hvar sterkustu hafnirnar hafi byggst upp, og því ráði einfaldlega atvinnuuppbygging í nágrenninu.

Hafnir með blandaða starfsemi; landanir á fiski og flutninga, hafntengda ferðapjónustu og iðnað, hafa verið að styrkja stöðu sína, ólíkt þeim smærri sem hafa einsleitari rekstur og staða þeirra hefur þyngst mjög.

Árið 2012 voru hafnarsjóðir 44 talsins með 87 hafnarsvæði. Heildar

tekjur hafna árið 2013 var 7,3 milljarðar króna, en fjórar þeirra voru með 62% heildartekna.

Fljúga oftar en öll Norðurlöndin

Gunnar Már Sigurfinnsson, forstjóri Icelandair Cargo, sagði í sínu erindi að í dag tengir leiðakerfi Icelandair Group saman alla markaði á norðurheimskautsbau; 26 borgir í Evrópu við tíu áfangastaði í Bandaríkjunum, fjóra í Kanada, sex á Grænlandi og einn í Færeyjum. Leiðakerfið byggist á staðsetningu landsins mitt á milli heimsálfanna, og hefur gjörbreytt tækifærum og lífskjörum Íslendinga að hans mati.

„Almennt er talið að ekkert flugfélag eigi að vera stærra en heimamarkaðurinn, en við erum að flytja 2,5 milljónir manna á ári,“ sagði Gunnar og bætti við að árið 2009 voru farnar 4.900 flugferðir á vegum Icelandair Group. „Árið 2015 ætlum við að ferðirnar verði 9.800.“

Gunnar nefndi athyglisvert dæmi. Sumarið 2014 flaug Icelandair oftari til Norður-Ameríku en öll flugfélög Norðurlandanna

BÍÐI MENN EFTIR RÍKINU – BÍÐA MENN LENGI

Árið 2012 var hlutur flutninga í landsframleiðslu 6,2%. Þá störfuðu tæplega 7% vinnuafis á Íslandi í fyrirtækjum sem flokkast undir samgöngur og flutninga, eða um 11.700 manns. Hér höfum við yfir 70 hafnir og fjóra alþjóðaflugvelli fyrir utan vegakerfið.

Á þetta benti Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra í ræðu sinni á fundinum, til að undirstrika orð sín um að flutningastarfsemi sé ein mikilvægasta atvinnugrein landsins, enda þjónar hún öllum okkar stærstu atvinnugreinum á einn eða annan hátt.

Ráðherra viðurkenndi að uppbygging innviða hefði setið á hakanum síðustu ár og þeir sem fyrir eru væru farnir að láta á sjá. „Í þessu samhengi vil ég sérstaklega nefna að við höfum lagt áherslu á aukna aðkomu einkaaðila að uppbyggingu innviða í samgöngum, hvort sem um ræðir uppbyggingu vega, flugvalla eða hafnarmannvirkja. Við teljum slíka innkomu í raun forsendu öflugri flutninga [...] Staðreyndin er sú að ef menn ætla að bíða eftir ríkinu – þá þurfa menn að bíða lengi. Við þökkjum öll stöðu ríkisfjármála um þessar mundir, en hvað sem henni líður þá er ég þeirrar skoðunar að við eigum að vera opin fyrir aðkomu annarra en ríkisins að uppbyggingu innviða í landinu,“ sagði Hanna Birna og bætti við að atvinnulífið þyrfti líka að taka við sér, eins þyrfti líffeyrisjóðir og aðrir fjárfestar að sýna uppbyggingu í samgöngum áhuga, „því það stendur ekki upp á stjórnvöld að koma hlutunum í gang,“ sagði ráðherra.

samanlagt. Slíkum umsvifum fylgja hliðaráhrif. Leiðakerfið er nýtt til útflutnings á ferskum fiski sem samkeppnislönd íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja geta ekki enn þá keppt við. Neytendur hafa fyrir

framan sig disk af íslensku sjávarfangi tveimur sólarhringum eftir að fiskurinn er veiddur. Norskur og rússneskur fiskur er aftur á móti þrjá sólarhringa og lengur að ná til fiskkaupandans.



Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus



Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlometazólínhydróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bölgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftari en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu gleru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örliðið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverjum innihaldsefnum, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðaköklu, slagæðargúlp, blóðappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfðleika við þvaglát, æxli í nýrnaheftum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýðingarnar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

MÁNUDAGURINN 13. OKT.

Ofur **bleikur** dagur

-12* kr.

á Orkunni og Shell með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

+2 kr.

Í dag renna **2 kr.** fyrir hvern seldan eldsneytislítra hjá Orkunni og Shell til **Bleiku slaufunnar**, óháð greiðslumáta.



eða hærra ef einhver jafnar eða toppar þetta með almennum afslætti.



Til að fullkomna daginn ráðleggjum við þér að hringja í þær fimm konur sem þér þykir mest vænt um og hvetja þær til að fara í leghálsskoðun.

Orkan býður viðskiptavinum sínum líka sérstaka **Orkulykla Bleiku slaufunnar** til að styrkja **Bleiku slaufuna** með hverjum keyptum lítra allt árið.

Sjá nánar á orkan.is/Bleika-slaufan



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!



Nokkur þeirra sem styrkja Bleiku slaufuna allt árið um kring með Orkulyklinum.

VEISTU SVARID?



1. Hver er sýslumaður á Húsavík?
2. Hvað er talið mundu kosta á dag að sinna ebólu-smituðum sjúklingi á Landspítalanum?
3. Hverjir fengu friðarverðlaun Nóbels í ár?

svör

1. Svavar Pálsson 2. Þrjátíu milljónir króna 3. Malala Yousofzay og Kailash Satyarthi.

Bæjarráð Kópavogs synjar Sunnuhlíðarsamtökunum um aðstoð við rekstur hjúkrunarheimilis: Hafa engar tekjur fyrir hjúkrunarheimili

FJÁRMÁL „Afar brýnt er að leyst verði úr fjárhagsvanda Sunnuhlíðar. Það er hins vegar ríkisins,“ segir bæjarráðgjafi í Kópavogi um ósk stjórnar hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar um fjárhagstoð frá bænum.

Sunnuhlíðarsamtökin glíma við fjárhagslega örðugleika. „Verkskipting ríkis og sveitarfélaga er með þeim hætti að málefni hjúkrunarheimila eru hjá ríki og veitir löggjafinn ríkinu fjárveitingar til að standa undir þeim rekstri.

Sveitarfélögin hafa engar tekjur til að taka þátt í rekstri hjúkrunarheimila,“ segir í umsögn bæjarráðgjafa sem bæjarráðið samþykkti.

Hins vegar er áréttað að Kópavogsbær leggi þunga áherslu á að ríkið sinni lögbundinni þjónustu á þessu sviði í Kópavogi. Þótt mörg dæmi séu um að sveitarfélög greiði með rekstri hjúkrunarheimila þar sem daggjöld duga ekki til sé það fé tekið af öðrum verkefnum sem viðkomandi sveitarfélag sinni annars.



SUNNUHLÍÐ Fjárhagsörðugleikar steðja að samtökunum sem reka hjúkrunarheimilið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR Iðnaðarráðherra undirritaði viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viljayfirlýsing ríkisstjórnar: Efla á atvinnu í Húnavatnssýslu

ATVINNUMÁL „Tilgangurinn er að skapa þann fjölda starfa sem nauðsynlegur er til að stöðva varanlega fólksfækkun í Austur-Húnavatnssýslu,“ segir í tilkynningu frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu vegna viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um „samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun“.

Efla á atvinnulíf og undirbúa uppbyggingu fyrir orkunýtingu Blönduvirkjunar.

-gar

Viðbúnaður í Keflavík:

Biluð herþota lenti klakklaust

ÖRYGGISMÁL Bandarísk orrustuþota með bilaðan hreyfil lenti á Keflavíkurflugvelli í gær.

Tvær vélar voru í fylgd með biluðu þotunni; önnur F-18-þota og eldsneytisvél af gerðinni KC135. Bilaða þotan lenti heilu og höldnu klukkan 16.19. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni sem var með viðbúnað þarf bilaða þotan jafnvel að vera á Íslandi í nokkra daga.

-bá

Ríkið skortir upplýsingar um eigin starfsmannamál

Mannekla á skrifstofu kjara- og mannaðsmála ríkisins veldur því að ekki eru teknar saman upplýsingar um starfsmannaveltu, fjarvistir né spád um mannaflapörf. Mikil þörf á upplýsingunum segir skrifstofustjóri.

STJÓRNSÝSLA Ríkið veit ekki hversu mikil starfsmannavelta er hjá ráðuneytum og stofnunum. Engar upplýsingar liggja fyrir um fjarvistir og ríkið vinnur ekki spár um mannaflapörf fyrir næstu ár eða áratugi.

Fréttablaðið bað skrifstofu kjara- og mannaðsmála hjá fjármálaráðuneytinu að svara nokkrum spurningum um starfsmannamál.



GUNNAR BJÖRNSSON

Meðal annars var spurt hversu mikil starfsmannaveltan væri, annars vegar hjá háskólamenntuðum starfsmönnum og hins vegar var spurt um heildarstarfsmannaveltuna.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og forstöðumaður kjara- og mannaðsmálskrifstofunnar, segir að mannekla valdi því að þessar tölur séu ekki teknar saman.

„Við höfum lítið komist í þetta vegna þess að við erum ekki nógu og mörg. Við hefðum gjarnan vilja að vera með miklu betri tölfræði varðandi starfsmannamál,“ segir Gunnar.

Hann segir að tölurnar séu til í gagnagrunnum, hins vegar vanti allar skilgreiningar, það þurfi að byrja á að skilgreina hlutina áður en hægt sé að vinna tölurnar.

„Menn eru ekki á eitt sáttir um hvernig eigi að skilgreina starfs-

mannaveltu. Hvaða viðmið eigi að nota. Við höfum lengi ætlað að vinna þessar skilgreiningar en ekki komist til þess.“

Gunnar segir að ekki sé heldur til miðlæg skráning um fjarvistir hjá ríkinu. „Það er hvergi hægt að fá yfirsýn yfir það hversu margir veikindadagar eru hjá ríkinu,“ segir hann og bætir við að ríkið geri heldur ekki neinar mannaflaspár. „Það eru engar spár til um hversu marga ríkisstarfsmenn gæti vantað til starfa á næstu árum og áratugum eða hvernig samsetning hópsins þyrfti að vera.“

Gunnar segir að menn finni verulega fyrir þörfinni á því að taka saman betri upplýsingar um starfsmannamál. „Það er stöðugt verið að biðja um upplýsingar um starfsmannamál. Menn vilja skoða þau út frá landshlutum, kjördæmum og sveitarfélögum,“ segir Gunnar og ítrekar að tölurnar séu til en það vanti fólk til að vinna þær.

Hann segir að starfskraftar skrifstofunnar undanfarið misseri hafi farið í að vinna samræmdar launaupplýsingar.

„Áherslan hjá okkur undanfarið þrjú ár hefur verið að ná samkomulagi við öll 130 stéttarfélög ríkisstarfsmanna um með hvaða hætti launaupplýsingum sé skilað svo félögin geti metið út frá eigin forsendum hvernig launaþróun félagsmanna þeirra er,“ segir Gunnar.

johanna@frettabladid.is

EKKI FYLGT EFTIR Ríkisendurskoðun lagði til fyrir fjórum árum að fylgst yrði náið með öllum breytingum á innra og ytra umhverfi ríkisstarfsmanna. Þessum ábendingum hefur ekki verið fylgt eftir.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Engar rannsóknir á ríkisstarfsmönnum

„Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins fylgist vel með öllum breytingum á innra og ytra umhverfi ríkisstarfsmanna og að nægar og áreiðanlegar upplýsingar séu ávallt til staðar til að unnt sé að taka markvissar ákvarðanir í málefnum sem varða starfsmenn ríkisins en á það hefur skort. Nú liggja til dæmis ekki fyrir á einum stað og með samræmdum hætti upplýsingar um launaþróun milli vinnumarkaða eða starfsstétta, launaþróun stjórnenda og embættismanna, starfsmannaveltu ríkisins í heild eða á einstökum stofnunum þess né fjölda veikindadaga. Brýnt er að úr þessu verði bætt,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011 um mannaðsmál ríkisins. Þrátt fyrir þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar hafa menn lítið gert í málinu.



Til leigu:

LÆKJARGATA 3 Bernhöftstorfan

Höfum til leigu skrifstofuhúsnæði með sérinngangi á besta stað í miðborginni. Rýmið er um 120 fm og nýttist mjög vel. Óþið vinnurými í risi fyrir allt að sex vinnustöðvar. Þægilegt skrifstofu- og fundarrými á neðri hæð. Tvö einkastæði geta fylgt.

Hafðu samband og tryggðu þér athvarf í miðborginni.

Fí fasteignafélag slhf.
orn@fifasteignir.is
Sími: 825 9000



AGNES SIGURÐARDÓTTIR Biskup er höfuð þjóðkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flestir skrá sig utan trúfélaga: **Sífelld færri í þjóðkirkjunni**

TRÚMÁL Frá apríl 2010 hafa ríflega þrettán þúsund manns sagt sig úr þjóðkirkjunni. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum tölum Þjóðskrár um trúfélagsbreytingar.

Þá gengu 636 manns úr kirkjunni á tímabilinu 1. júlí til 30. september í ár en aðeins 94 nýir meðlimir voru skráðir. Langflestir sem skipt hafa um trúfélag undanfarið ár hafa þó skráð sig utan trúfélags. Þjóðkirkjan er þó enn langstærsta trúfélag landsins með 244.440 meðlimi.

-bá

AFMÆLISTILBOÐ

HAFBERGS



**ALLUR FISKUR OG
FISKRETTIR AÐEINS**

1.890
KR/KG

ÞORSKHNAKKAR

BLEIKJUFLÖK

LAXAFLÖK

SKÖTUSELUR

RAUÐSPRETTUFLÖK

ÝSUFLÖK ROÐ OG
BEINLAUS

REYKT ÝSA

SALTFISKUR

GELLUR

SIGINN FISKUR

**TILBOÐIÐ GILDIR
ALLA VIKUNA**



Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

**HUGSAÐU
UM HEILSUNA
OG BORÐAÐU
FISK**

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16

Styttist í seinni umferð forsetakosninga í Brasilíu: Silva styður Neves til forseta

BRASILÍA, AP Marina Silva, umhverfissinni sem varð í þriðja sæti í forsetakosningunum í Brasilíu, hefur lýst yfir stuðningi við Aécio Neves, fyrrverandi ríkisstjóra sem etur kappi við Dilmu Rousseff forseta í seinni umferð kosninganna.

Neves hefur lofað að opna efnahagslífið í Brasilíu og leggja áherslu á hagvöxt.

Seinni umferð kosninganna verður haldin 26. október, eftir tæpar tvær vikur.



MARINA SILVA Varð í þriðja sæti í forsetakosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BORGA NEYTENDUR ALLTAF Á ENDANUM? – ER BREYTINGA ÞÖRF?

Fundur FA um stöðu samkeppnismála og mögulega þörf á lagabreytingum.

Félag atvinnurekenda efnir til opins félagsfundar kl. 8.30, þriðjudaginn 14. október á Nauthóli Bistro í Nauthólsvík. Tilfnið er meðal annars staðan í samkeppnismálum eftir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að sekta Mjólkursamsöluna fyrir samkeppnisbrot og álit Eftirlitsstofnunar EFTA um að hömlur á innflutningi á heilbrigðisvottuðu, fersku kjöti þrjóti í bága við EES-samninginn.

Frummælendur:

Ragnheiður Elin Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra:
Virki samkeppni

Þórarinn E. Sveinsson, stjórnarformaður Mjólkurvinnslunnar Örnú í Bolungarvík:
Samkeppnisstaðan á mjólkurmarkaði

Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður hjá Lex:
Ekki má aka stórum bíl of hratt – Um matskennd ákvæði samkeppnislaga og viðurlög vegna brota

Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.



Morgunverður er í boði frá kl. 8 og kostar 2.900 krónur. Fundi verður lokið fyrir kl. 10.

Skráning á heimasíðu félagsins www.atvinnurekendur.is

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Lofa að verja fé til uppbyggingar Gasa

Evrópusambandið og Bandaríkin ætla að verja jafnvirði nærri 100 milljarða króna til uppbyggingar á Gasasvæðinu, sem Ísraelar lögðu að stórum hluta í rúst í sumar. Fjölmörg önnur ríki leggja sitt af mörkum, en Ísrael ætlar ekki að vera með.

EGYPTALAND Fulltrúar nærri þrjátíu ríkja tóku þátt í styrktarráðstefnu í Egyptalandi í gær til að taka ákvarðanir um fjármögnun uppbyggingar á Gasasvæðinu, sem Ísraelar lögðu að stórum hluta í rúst í sumar.

Evrópusambandsríkin hafa ákveðið að verja samtals um 450 milljónum evra, en Bandaríkin ætla að leggja fram rúmlega 200 milljónir dala. Samtals nemur þetta nærri 100 milljörðum króna.

Fleiri ríki hafa ákveðið að taka þátt í uppbyggingunni, þar á meðal arabíska smáríkið Katar sem lofar einum milljarði dala, eða jafnvirði rúmlega 120 milljarða króna. Talið er að alls þurfi jafnvirði nærri 500 milljarða króna til uppbyggingarstarfsins á Gasa, þegar allt er talið.

Ísrael ætlar hins vegar ekki að vera með. Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, segir hins vegar við ísraelsku fréttaveituna Ynet að ekki verði hægt að byggja upp á Gasa án aðkomu Ísraels.

Hugmyndin er sú að féð fari til Palestínustjórnar, sem síðan muni sjá um framkvæmd uppbyggingarinnar. Mahmúd Abbas, forseti Palestínu, heitir því að framkvæmdin verði unnin í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, gjafaríkin, alþjóðlegar fjármálastofnanir og samfélagið á Gasa.

Það voru Egyptar og Norðmenn sem boðuðu til ráðstefnunnar. Egyptar lögðu þar fram hugmyndir að allsherjar friðaráætlun fyrir Austurlönd nær og segja að skoða þurfi á ný tilögur Arabaríkjanna frá árinu 2002 um lausn á deilu Ísraels og Palestínunnanna.

gudsteinn@frettabladid.is



ÞÁTTAKENDUR Á RÁÐSTEFNUNNI Utanríkis- og forsætisráðherrar fjölmargra ríkja mættu til Kafró í Egyptalandi í gær þar sem rætt var um fjármögnun uppbyggingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EYÐILEGGINGIN Á GASA

Hernaðurinn á Gasa stóð yfir í 50 daga, en honum lauk seint í ágúst. Ísraelar gerðu meira en fimm þúsundir loftárása á Gasa og drápu meira en 2.100 Palestínúmenn. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra voru almennir borgarar. Herskáir Gasabúar skutu um það bil 4.500 flugskeytum yfir landamærin til Ísraels, en tjónið af þeim varð lítið í samanburði við tjónið á Gasa. Mannfallið meðal Ísraelsa nam 72 manns, þar af voru 66 hermenn.

HÚS

■ Um það bil 100 þúsund íbúðir voru eyðilagðar eða urðu fyrir skemmdum í loftárásunum. Þar af voru um 20 þúsund heimili eyðilögð algerlega eða að stórum hluta.

FÓLK Á HRAKHÓLUM

■ Meira en 100 þúsund manns eru enn á hrakhólum. Um 57 þúsund þeirra búa í bráðabirgðahúsnæði á vegum opinberra aðila, þar á meðal í skólum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Um 47 þúsund manns gista inni á öðrum fjölskyldum.

FYRIRTÆKI

■ Nærri þúsund fyrirtæki eyðilögðust eða skemmdust, þar á meðal meira en 4.200 verslanir.

INNVIÐIR

■ Hátt í þrjátíu vatnsbrunnar skemmdust. Nærri 50 kílómetrar af vatnsleiðslum og meira en 17 kílómetrar af skólpleiðslum eyðilögðust. Eina orkuverið á Gasa skemmdist illa.

RÚSTIR

■ Fjarlægja þarf um það bil 2,5 milljónir tonna af grjótmulningi.



FRÍ VETRARSKOÐUN!

Gerðu bílinn klárann fyrir veturinn og komdu til okkar hjá HEKLU

Fyrir veturinn er mikilvægt að hafa bílinn í góðu standi. HEKLA þjónusta býður viðskiptavinum sínum upp á fría vetrarskoðun!

HEKLA þjónusta gerir þér tilboð í viðgerðir ef þörf er á. Einnig eru tilboð á varahlutum á verkstæði.

Hafðu samband við okkur í síma **590 5030** til að panta tíma.

Innifalið í skoðun er:

- Bremsumæling
- Dekkjamæling (mynstur og loft)
- Skoðun á ljósabúnaði
- Þurrkur athugaðar
- Frostþol kælikerfis og rúðuvökva athugað
- Smurt í lamir og læsingar
- Mæld olía á vél
- Sjónskoðun á undirvagni
- Ástand rafgeymis mælt



ENN ER BARIST Sprengjueykur berst frá flugvellinum í Donetsk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðarviðleitni í Úkraínu: Pútín kallar herinn heim

RÚSSLAND, AP Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur skipað hersveitum sínum að fara frá landamærum Úkraínu til bæki-stöðva sinna.

Alls hafa um 17.600 rússneskir hermenn verið síðan í apríl í héraðinu Rostov, sem er rétt handan við landamæri átakasvæðanna í Úkraínu.

Vera má að ákvörðun Pútíns tengist fyrirhuguðum fundi hans og Petros Porosjenkó Úkraínuforseta, en þeir ætla að hittast á Ítalíu á fimmtudaginn.

Úkraínskir uppreisnarmenn, sem vilja tengjast Rússlandi, eiga enn í bardögum við úkraínska herinn, þrátt fyrir vopnahlé og viðræður sem sagðar eru lofa góðu.



EDWARD SNOWDEN í viðtali frá Moskvu við Jane Mayer, blaðamann á New Yorker.
NORDICPHOTOS/AFP

Edward Snowden hefur það gott í Moskvu:

Hefði viljað mæta til opinna réttarhalda

BANDARÍKIN Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden segir í viðtali við Jane Mayer, blaðamann á tímaritinu New Yorker, að hann hefði gjarnan viljað fara til Bandaríkjanna og mæta þar fyrir dómara.

Bandarísk stjórnvöld hafi hins vegar ekki tekið í mál að réttarhöldin yrðu opin og hann gæti mætt þangað frjáls maður.

„Ég hafði sagt stjórnvöldum aftur og aftur í samningaviðræðum að ef þau væru reiðubúin til að bjóða opin réttarhöld með sama hætti og Dan Ellsberg fékk, og ég fengi að flytja mál mitt fyrir kviðdómi, þá væri ég fús til þess,“ sagði Snowden, og vísaði til rétt-

arhaldanna yfir manninum sem lak Pentagonskjölunum árið 1971.

Viðtalið við Snowden var tekið í tilefni af nýrri heimildarmynd um hann, sem frumsýnd verður í Bandaríkjunum síðar í þessum mánuði. Það er Laura Poitras, sem gerði myndina, en hún var stödd hjá honum í Hong Kong þegar hann lak upplýsingum um víðtæka njósnastarfsemi Bandaríkjanna.

Í myndinni kemur meðal annars fram að Snowden hafi það harla gott í Moskvu, þó svo hann hafi aldrei ætlað sér að ílengjast þar. Meðal annars kom kærasta hans þangað í júlí.

- gb



EBÓLUVAKTIN Lögreglumenn í Texas á vakt utan við heimili heilbrigðisstarfsmannsins, sem talinn er smitaður af ebólu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur heilbrigðisstarfsmaður smitaður:

Tveir hafa nú smitast utan Afríkúríkjanna

BANDARÍKIN, AP Bandarískur heilbrigðisstarfsmaður á sjúkrahúsi í Texas er talinn hafa smitast af ebólu, en hann var í hópi sem sinni ebólusjúklingnum Thomas Duncan.

Duncan lést á miðvikudaginn, en hann kom til Bandaríkjanna frá Líberíu þann 20. september til að heimsækja skyldfólk sitt.

Komi í ljós að heilbrigðisstarfsmaðurinn sé í raun ebólusmitaður, þá er hann sá fyrsti sem smitast í Bandaríkjunum.

Alls hafa meira en fjögur þúsund manns látist af völdum ebólu-

veirunnar í nokkrum ríkjum í vestanverðri Afríku.

Nokkrir ebólusjúklingar hafa verið fluttir frá Afríku til meðferðar á Vesturlöndum. Auk heilbrigðisstarfsmannsins í Bandaríkjunum hefur ein aðstoðarhjúkrunarkona á Spáni smitast af ebólusjúklingi, sem hún var að sinna.

David Nabarro, yfirmaður ebólufaraldranna hjá Sameinuðu þjóðanna, segir að búast megi við því að ebólufaraldurinn versni eitt-hvað á næstunni, en innan þriggja mánaða muni mönnum hafa tekist að ná tökum á honum.

- gb

Lyfjaauglýsing

20% AFSLÁTTUR

Gildir í október

Nicotinell Mint 2mg nicotín
Nicotinell Spearmint 2mg nicotín
Nicotinell IceMint 2mg nicotín

Landsbyggðin

Glerártorg Akureyri	Höfuðborgarsvæðið
Hrísalundur Akureyri	Austurvegur
Dalvík	Domus Medica
Hella	Eiðistorg
Hveragerði	Fjörður
Hvolsvöllur	Hamraborg
Keflavík	JL-húsið
Selfoss	Kringlan
Vestmannaeyjar	
Þorlákshöfn	

Lyf & heilsa
Við hlustum!



HAGSPÁ

Arion banki býður til morgunfundar þar sem ný hagspá greiningardeildar verður kynnt. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 16. október í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

DAGSKRÁ

08.15 Léttar veitingar og kaffi

08.30 Höskuldur H. Ólafsson setur fundinn

Flugtaki frestað: Efnahagshorfur 2014–2017
Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka

Er lág verðbólga komin til að vera?
Hrafn Steinarsson, greiningardeild Arion banka

09.30 Fundarlok

► Skráning á arionbanki.is

Arion banki

Sveitarfélögin fá mun minna af skattþeningunum:

Göngin góðu til Bolungarvíkur

Fyrir nokkrum árum voru vígð göng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Brýn þörf var fyrir göngin. Slys voru tíð í Óshlíð og samgöngur voru erfiðar og tvísýnar. Öll framkvæmdin var til sóma. Allar áætlanir stóðust. Kostnaðurinn var sá sem að var stefnt og sama er að segja um verkið sjálft. Glæsilegt mannvirki sem ekki einum einasta manni dettur í hug að gagnrýna. Allt til mestu fyrirmyndar.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Fyrir nokkrum árum var vígð höfn í Landeyjum. Þar hefur nánast ekkert staðist. Mannvirkið þjónar illa sínu hlutverki. Dæmi um framkvæmd þar sem menn sást ekki fyrir.

Enn er grafið í Hverfisgötunni í Reykjavík. Framkvæmd sem er komin langt frá öllum áætlunum, bæði hvað varðar tíma og peninga. Svona er hægt að telja áfram nánast endalaust. En hvers vegna að hafa orð á þessu? Helst til að sýna að við erum jú öll að eiga við svipaða hluti, hvar sem við búum á landinu. Sumir þeirra, sem telja sig þurfa að verja einstaka landshluta, láta fara fyrir brjóstið á sér ef við, sem búum á höfuðborgarsvæðinu, gagnrýnum, finnum að, eða höfum skoðanir á einu eða öðru.

Í stað þess að finna að allri umfjöllun væri skynsamlegra að berjast fyrir breytingum á hvernig almannapeningum er skipt og þeim er varið. Sveitarfélögin skipti miklu máli. Þau fá aðeins um þriðjung skatttekna hins opinbera en bera samt ábyrgð á um fjörutíu prósentum samneyslunnar. Góður helmingur opinberra starfa er á vegum sveitarfélaganna. En fara þau betur með peninga en ríkið? Já, allavega eru heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs um 93 prósent af vergri landsframleiðslu á meðan skuldir A-hluta sveitarfélaga eru um ellefu prósent. Sem sagt, ríkið skuldar því rúmlega átta sinnum meira en sveitarfélögin.

Í stað þess að útverðir landshluta ímyndi sér endalaus óvinahjörð meðal íbúa þéttbýlasta hluta landsins myndu þeir trúlega gera meira gagn með að því að vinna að breytingum á skiptingu skatttekna og færa hana nær því sem gerist annars staðar. Hér fá sveitarfélögin um þriðjungi teknanna en í nágrannalöndunum er þessu þveröfugt farið. Það fólk, sem kys að eyða kröftum sínum í þá sem finna að einni og einni ákvörðun stjórnvalda, ætti frekar að huga að styrkingu sveitarfélaga eða landshlutasamtaka.

Það stenst enga skoðun að fjölmiðlar keppist við að segja neikvæðar fréttir af því sem gerist í hinum dreifðu byggðum. Fréttastofa 365 miðla til að mynda, með Kristján Má Unnarsson í broddi fylkingar, flytur margar fréttir héðan og þaðan í hverri viku um uppbyggingu og mannlíf. Það er rangt að finna að því þó fjölmiðlar skrifi fréttir um byggðasjónarmiðið að baki Háholti eða að fólki þyki Fiskistofufarsinn frétt næmur. Hvorugt hefur neitt með íbúa viðkomandi sveitarfélaga að gera. Ekki neitt.

Ef við spilum ávallt eins vel úr málunum og gert var varðandi Bolungarvíkurgöngin væri staðan önnur. Og vonandi tekst eins vel til varðandi uppbyggingu á samgöngum á sunnanverðum Vestfjörðum. Um hana er eflaust breiður þjóðarvilji. Það breytir því ekki að vandinn við Landeyjahöfn er áfram frétt næmur.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Átök á vinnustað

Margrét Tryggvadóttir, fyrrverandi þingmaður Borgarahreyfingarinnar, lýsir því í nýrri bók sem Eyjan greinir frá að átök í flokknum hafi verið svo mikil eftir stofnun hans að leitað hafi verið til sálfræðings sem sérhæfði sig í hjónaráðgjöf. Hreyfingin var stofnuð eftir bankahrun, en þingmenn virðast almennt sammála um það að samskiptin á Alþingi hafi orðið mun stíðari, jafnvel illskettari, eftir bankahrun. Þar er þó einkum átt við samskipti milli flokka en ekki innan þeirra. En það vekur samt þá spurningu hvort þingforsetarnir hefðu ekki mátt taka Hreyfinguna sér til fyrirmyndar og splæsa í sálfræðiaðstoð fyrir þingið í heild.

Endurgreiðslurnar

Baltasar Kormákur ætlar að framleiða víkingamynd hér á landi, sem mun velta milljörðum og skapa atvinnu hendlendis. Í mikilli kaldhæðni lagði Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, út af þessum tíðindum á vefsíðu sinni um helgina. Spurði hann hvað Baltasar væri að vilja upp á dekk. Framsókn hefur sjálf leyst framtíðarvanda unga fólksins með fyrirhugaðri áburðarverksmiðju. En til að gæta allrar sanngirni hefur nú kannski verið rétt að geta þess að ástæða þess að margar Hollywood-myndir hafa verið framleiddar að undanförunu hér á landi er að nokkru leyti sú að ákveðið var að endurgreiða framleið-

endum hluta af kostnaði við framleiðslu þeirra. Og það fyrirkomulag var einmitt tekið upp að frumkvæði Framsóknarflokksins.


Erfitt verkefni

Títan fjárfestingafélag, sem er í eigu Skúla Mogensen, tapaði 435 milljónum króna á síðasta ári. Ástæðan er sú að stærsta eign félagsins er 100% hlutur í flugfélaginu WOW air, eins og greint var frá í Fréttablaðinu um helgina. Þar hefur verið á rekstri WOW síðustu tvö árin sem nemur 1.100 milljónum króna. Það er sennilega ekki auðvelt verkefni að reka flugfélag á Íslandi í dag, sérstaklega ekki í samkeppni við rísa sem er í eigu margra af stærstu lífeyrisjóðunum á Íslandi.

jonhakon@frettabladid.is



HALLDÓR



Gullgrafarastemning í fiskeldi



ELÍN HIRST

Eldi á laxfiski í sjókvíum er í gríðarlegri sókn á Vestfjörðum. Eftir erfiðleika í fiskeldi hér á landi á árum áður virðast Íslendingar nú vera reynslunni ríkari og ráða yfir þeirri kunnáttu sem nauðsynleg er. Það er hins vegar ljóst að lítið má út af bera og áhyggjuraddir heyrast nú að vestan þar að lútandi, bæði frá sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum eldisfyrirtækja.

Á Vestfjörðum eru kjöraðstæður fyrir sjókvíaeldi á laxi. Firðirnir eru margir, auk þess að vera langir og djúpir. Mjög fáar laxveiðiar eru á Vestfjörðum, þannig að hætta á að eldislax blandist villtum laxi ef hann sleppur úr kvíunum er minni en ella, en slík erfðablöndum gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Norðmenn eru mjög stórir í sniðum í laxeldi, en ýmsir erfiðleikar hafa þó komið upp sem dregið hafa úr gæðum norska eldislaxins og minnkað verðmæti hans. Laxalús er viðvarandi vandamál sem og ýmsar sýkingar sem krefjast notkunar á sýklalyfjum. Engin slík vandamál er hins vegar að finna á Íslandi. Íslenski eldislaxinn er þar af leiðandi dýrindis lúxusvara í hæsta verðflokki á erlendum mörkuðum. En ef upp koma viðvarandi sjúkdómur hér með tilheyrandi sýkla-

→ Of mörg rekstrarleyfi hafi verið gefin út án þess að leikreglur séu nógu skýrar.

lyfjanotkun kann að vera úti um þetta ævintýri.

Stór þáttur í þeirri viðleitni að halda íslensku fiskeldi sjúkdómalausum til framtíðar er að þeir firðir sem notaðir eru til sjókvíaeldisins fái reglulega hvíld til þess að hreinsast og endurnýjast. Hjá Fjarðalaxi á Patreksfirði er t.a.m. stund að kynslóðaskipt eldi þannig að hver fjörður er hvíldur á milli eldiskynslóða í þeim tilgangi að lágmarka umhverfisáhrif af eldinu. Má því sambandi spyrja hvort ekki eigi að lögfesta hvíldarreglur fyrir sjókvíaeldi í heild sinni í þeim tilgangi að styrkja eldið til framtíðar.

Eins og áður segir hafa menn fyrir vestan áhyggjur af þróun mála. Of mörg rekstrarleyfi hafi verið gefin út án þess að leikreglur séu nógu skýrar. Til dæmis hafi verið gefin út tvö stór leyfi með staðsetningu þétt við hvort annað í Arnarfirði. Tækifærin í fiskeldinu eru mikil en það þarf að fara varlega!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

AF NETINU

Eins og korktappi

Við notum afur á móti mynt ekki er gjaldgeng í milliríkjavíðskiptum og fer eins og korktappi af hæsta öldufaldi niður í lægsta öldudal óaflátanlega nema þegar hún er í höftum. Fyrir vikið er framleiðni minni og kaupmáttur lægri en í viðmiðunarlöndunum og Landspítalinn er í uppnámi af því að við erum ekki samkeppnishæf. Á móti erum við að mestu laus við tímabundið atvinnuleysi sem fylgir því þegar fyrirtæki með litla framleiðni víkja fyrir nýjum sem gefa meira af sér. Það er enginn sem gefur algóður. En hér þarf að velja og hafna. Krónan hentar skammtímasjónarmiðum. Evran er álitlegri þegar metnaðarfyllri markmið eru sett til lengri tíma.

<http://eyjan.pressan.is/goto/rammi.php?user=afkogunarholi>

Porsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra.

Einstakur markaður

Í samanburði við nágrannalöndin er íslenski húsnæðismarkaðurinn að sumu leyti einstakur, ekki síst fyrir þær sakir að hér á landi hefur í gegnum tíðina verið rekin mjög afráttarlaus og einhæf séreignastefna. Húsnæðisstuðningur hefur að mestu leyti verið bundinn við kaup á húsnæði en stuðningur við þá sem hafa verið á leigumarkaði hefur verið afmarkaður við þann hóp sem hefur lægst tekjur. Það hefur því ekki verið stutt markvisst við uppbyggingu leigumarkaðar, þvert á móti hefur fyrirkomulag opinbers húsnæðisstuðnings beinlínis hamlað slíkri þróun.

<http://blog.pressan.is/gunnaraxel/>

Gunnar Axel Axelson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Óhlýðni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhöfundur



Fái dómur Héraðsdóms Reykjaness yfir níumenningunum í Gálghrauni að standa hafa stjórnvöld þar með sent okkur landsmönnum svolítið margræð skilaboð um það hvar óhlýðni kunnir að vera réttlætunleg og hvar ekki.

Á sínum tíma voru nefnilega aðrir níumenningar sýknaðir í Hæstarétti af ákæru um brot gegn valdstjórninni: að hafa óhlýðnast lögreglu og þingvörðum og ruðst inn í alþingishúsið, til þess að mótmæla og sýna í verki hug sinn í garð þings sem þeir töldu hafa brugðist hlutverki sínu.

Skilaboðin eru þá þessi, standi dómurinn: Það er verra að trufla gröfur en að trufla störf alþingis. Það er verra að sýna verktökum óvirðingu en kjörnum fulltrúum.

Það er, undir vissum kringumstæðum, í lagi að óhlýðnast laganna vörðum sem meina inngöngu í alþingishúsið, sem er sá staður þar sem hjarta þingræðisins slær, veikt og flóktandi á köflum. Hitt er hins vegar með öllu ólíðandi, að óhlýðnast lögreglumönnum sem gæta þess að gröfur verði ekki truflaðar við þá knýjandi iðju sína að rífa upp árþúsunda gamalt hraun.

Via dolorosa

Almennt var sýknudómi yfir hinum fyrri níumenningum fagnað og þeir taldir hafa haft mikilsverð-

ar ástæður til að tjá sig með þeim hætti sem þeir gerðu, enda þingpallar opinbert svæði, öllum opið. Lítið var svo á að þetta væri sigur fyrir lýðræðislegan rétt almennings til að láta reiði sína í ljós sé honum misboðið, jafnvel þótt laganna verðir vilji hindra þá tjáningu.

Níumenningarnir voru ekki einir á ferð í búsáhaldabyltingunni. Þá réðist fólk á alþingishúsið til að láta í ljós andúð sína á kjörnum fulltrúum eða jafnvel sjálfu þingræðinu, lemja veggi, brjóta rúður, slá nýjan takt, óhlýðnast.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar varð síðan ganga þingmanna milli dómkirkju og alþingishúss að sannkölluðum svipugöngum þar sem sjálfsgæður réttur borgaranna þótti að henda í þessa þjóðkjörnu fulltrúa eggjum og öllu lauslegu, vegna þess að hægt þótti ganga að greiða úr skuldum sem bankamenn og sjálfskipaðir athafnamenn höfðu efnt til og látið falla á landsmenn. Lögreglan horfði á án þess að aðhafast. En þegar gröfurnar þurfa að komast leiðar sinnar á Álftanesi við að leggja sinn veg og breyta ósnortinni náttúru í mislægar malbiksslaufur handa tíu þúsund manna byggð í Garðaholti sem aðeins er til í kollinum á bæjarfulltrúum í Garðabæ – þá skal ekkert tefja þá framrás; allra síst fólk á borð við píanoökennara á átt-ræðisaldri, kórstjóra og tónskáld eða myndlistarkonu sem skynjar álfa í kringum sig. Hingað og ekki lengra, hugsar valdstjórnin þá: skítt með öryggi alþingismanna; hér skal víglínan dregin.

Mikilsverð réttindi

Óhlýðni er mikilsverður mannlegur eiginleiki og vissulega vandmeð-

farinn. Samfélag getur ekki þrífist sé hún allsráðandi – og hvítleiður er skortur íslenskra ökumanna á stefnuljósum – en hún getur líka verið aflvaki framfara. Verkföll eru dæmi um óhlýðni sem samfélagið hefur smám saman fundið út úr hvernig skuli háttáð eftir tilteknum leiðum. Flest framfarumál sem snerta réttindi okkar hafa fengist fram eftir baráttu þar sem einatt hefur þurft að sýna yfirvöldum óhlýðni. Frægustu og fegurstu dæmin frá 20. öld um borgaralega óhlýðni varða grundvallarmannréttindi sem lög höfðu verið sett til þess að meina fólk um: á Indlandi þegar Bretar stjórnðu landinu og Gandhi hvatti landsmenn til að óhlýðnast lögum valdsherranna; í Suðurríkjum Bandaríkjanna í byrjun sjöunda áratugar þeirrar aldar þegar tekist var á um það hvort ungar stúlkur eins og Malala mættu vegna hörundslitar síns ganga í skóla og þar sem kona að nafni Rosa Parks óhlýðnaðist lögum og settist í strætisvagni þar sem fólk með brúnan hörundslit var meinað að setjast – lögum samkvæmt – og loks í Suður-Afríku þar sem fólk af evrópskum uppruna neitaði fólk sem fyrir var í landinu um hvers kyns réttindi en óstjórnin var brotin á bak aftur með seiglu, söng og óhlýðni hvar sem henni var við komið.

Almennt er lítið svo á í opnu samfélagi að fólk hafi rétt til þess að láta í ljós vanþóknun sína á gerðum yfirvalda, jafnvel þótt lögreglan skipi viðkomandi fólk að hætta því. Það er mikilvægt að lögreglan fari að átta sig á því að þetta á ekki bara við þegar fólk mótmælir vegna peningamála. Þeir verða að fara að kenna það í Lögregluskólanum að náttúruvernd er full-

Peirrar tilhneigingar gæti hjá yfirvöldum að þykja náttúruverndarsjónarmið léttvæg: í mörgu lögguhugskoti bærast bloggari sem telur náttúruverndarsjónarmið vera einhvers konar taugaveiklun fólks sem hefur lítið við að vera yfir pjattkaffinu sínu þarna í miðbæ Reykjavíkur.

gilt sjónarmið. Yfirvöld verða að fara að taka með í reikninginn að sumu fólk getur orðið mjög heitt í hamsi vegna náttúrunnar og þeirra almennu og yfirskipuðu réttinda að henni eigi ekki að raska, verði hjá því komist. Þeirrar tilhneigingar gæti hjá yfirvöldum að þykja náttúruverndarsjónarmið léttvæg: í mörgu lögguhugskoti bærast bloggari sem telur náttúruverndarsjónarmið vera einhvers konar taugaveiklun fólks sem hefur lítið við að vera yfir pjattkaffinu sínu þarna í miðbæ Reykjavíkur.

Ekkert er fjær sanni hér. Það voru í meirihluta Hafnfirðingar, Álftnesingar og Garðbæingar sem þarna söfnuðust saman til að verja umhverfi sitt fyrir hervirkjum gröfukallanna, og verja þau sérstöku réttindi sín að fá að búa í námunda við ósnortna náttúru þar sem Íslandssagan niðar við hvert fótímal. Lögreglumenn höguðu sér af virðingarleysi við þetta fólk og sýndu því þjónskap. Á því þurfa þeir að biðjast afsökunar en við hin erum níumenningunum þakklát fyrir að taka fyrir okkur vaktina.

VERTU Í GÓÐU
VEGASAMBANDI
Í VETUR

Standast dekkinn
þín breyttar kröfur?

Opinn fundur Sjóvá á morgun, þriðjudag
14. október í Kringlunni 5. kl. 8.30

1. nóvember næstkomandi tekur gildi breyting
á reglugerð um gerð og búnað bifreiða varðandi
mynstursdýpt dekkja. Þar með verða gerðar
svipaðar kröfur á Íslandi og á öðrum
Norðurlöndum.

Á fundinum mun Daníel Reynisson, lögfræðingur hjá
Samgöngustofu, fara yfir breytingar á löggjöfinni og
Ingi Heiðar Bergþórsson, rekstrarstjóri Hertz, fjallar
um breytingarnar út frá sjónarhóli fyrirtækja.

Allir velkomnir.

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

MERKISATBURÐIR

- 50** Neró tekur við sem Rómarkeisari eftir lát Kládíusar.
- 1307** Allir musterisríddarar í Frakklandi handteknir samkvæmt skipun Filippusar fagra og pyntaðir þar til þeir játa á sig villurú.
- 1908** Skáldið Steinn Steinnar fæðist en hann lést fimmtíu árum síðar.
- 1943** Síðari heimsstyrjöldin: Ítalir segja fyrrverandi bandamönnum sínum, Póðverjum, stríð á hendur.
- 1958** Sögupersónan Paddington kemur fram á sjónarsviðið.
- 1987** Kýrin Harpa syndir yfir Öndarfjörð frá Flateyri að Kirkjubóli í Valbjófsdal á flóttu þegar leiða átti hana til slátrunar. Eftir sundafrek-ið var hún nefnd Sæunn og fékk að lifa lengur.
- 1992** Haukur Morthens söngvari lést 68 ára, eftir nær hálfar aldar söngferil.
- 1994** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar veitt í fyrsta sinn og hlaut þau Helgi Ingólfsson.
- 1996** Eldgosi, sem hófst í Gjalp 2. október sama ár, lýkur.
- 2006** Suður-Kóreumaðurinn Ban Ki-moon kosinn aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

PETTA GERÐIST: 13. OKTÓBER ÁRIÐ 1997

Fóstbræður fóru fyrst í loftið

Fyrsti þáttur af grínþáttunum Fóstbræðrum fór í loftið á þessum degi árið 1997 en þátturinn varð upphaflega til á Stöð 3 og síðan sýndur á Stöð 2.

Upphaflegir meðlimir gríngengisins á bak við Fóstbræður voru Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Helga Braga Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson. Hilmir Snær var aðeins Fóstbróðir í eina seríu en Þorsteinn Guðmundsson kom í hans stað. Í þriðju seríu bættist Gunnar Jónsson síðan í hópinn.

Það má með sanni segja að Fóstbræður hafi slegið í gegn á sínum tíma og gera enn. Búið er að horfa á atriði úr þáttunum mörg þúsund sinnum á YouTube og eru þættirnir reglulega endursýndir á sjónvarpsrásnum 365.

Margir ódauðlegir karakterar urðu til í þáttunum, til dæmis Júlí, Gyða Sól og Helgi, persónulegi trúbadorinn, og má enn heyra fólk á förnum vegi vitna í þættina og reglulega deila notendur samfélagsmiðlanna atriðum úr Fóstbræðrum á sínum sínum.

Þættirnir slógu ekki aðeins í gegn hjá áhorfendum heldur hrifsuðu einnig til sín verðlaun. Þátturinn var valinn leikið sjónvarpsefni ársins árið 1999 á Edduverð-launahátíðinni og árið eftir var hann valinn skemmtiþáttur ársins. Þá hlaut Jón Gnarr verðlaun sem leikari ársins í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í þáttunum árið 2001 en það ár var Ragnar Bragason einnig tilnefndur sem leikstjóri ársins fyrir Fóstbræður.



FÓSTBRÆÐUR Hilmir Snær, Sigurjón Kjartansson, Jón Gnarr og Benedikt Erlingsson.



Elskulegur eiginmaður minn,
bróðir, mágur, faðir, tengdafaðir og afi,

HILMAR ÖRN GUNNARSSON
fyrrv. útibússtjóri,

lést laugardaginn 4. október á
líknardeild Landspítalans í Kópavogi.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 17. september kl. 13.00.



Steinnun Jónsdóttir

Dóra Gunnarsdóttir
Hörður Ingi Torfason
Jón Gunnar Hilmarsson
Birgir Ari Hilmarsson
Rúna Helga Hilmarsdóttir
og barnabörn.

Pétur M. Jónasson
Sali Chaiyaphan
Matthildur Gunnarsdóttir

Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Graníthöllinni



Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Elin Sigrún Jónsdóttir
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Reynsla - Umhyggja - Traust



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

**Þegar andlát ber
að höndum**

önnunast við alla þætti þjónustunnar

Með virðingu og
umhyggju að leiðarjösi



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Frimann Andrússon
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta



Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARDANNA



GEYSILEGA ÁNÆGDUR Sigmundur brýtur bókina upp með ýmsu smáefni.

FRÉTTABLAÐ/ERNIR

Petta er engin skýrsla eða langlokur

Sigmundur Ó. Steinarsson á heiðurinn af bókinni Grafarvogssókn 25 ára sem kom út nýverið. Hann segir gerð bókarinnar hafa verið mikla áskorun og hugsaði stundum hvað hann væri búinn að koma sér í við vinnslu hennar.

„Það var leitað til mín úr sóknarnefndinni og ég spurður hvort ég væri tilbúinn að taka þetta verkefni að mér. Þetta var ákveðin áskorun sem ég skoraðist ekki undan. Það er mikið keppnisfólk þarna í söfnuðinum sem hefur hlúð geysilega vel að sögu sóknarinnar,“ segir Sigmundur Ó. Steinarsson rit höfundur. Hann á heiðurinn af bókinni Grafarvogssókn 25 ára sem kom út fyrir stuttu en í henni er sagt frá umfangsmiklu starfi Grafarvogssafnaðar, langstærsta safnaðar landsins.

Það tók Sigmundur átta til níu mánuði að vinna bókina en hann hefur skrifað sögubækur um íþróttir, til dæmis 100 ára sögu Íslandsmótsins í knattspyrnu, og átta bókin að vera í svipuðum dúr.

„Þetta er ekki skýrsla eða langlokur. Þetta er bók fyrir fólk um fólk. Þetta er öðruvísi kirkjubók eins og margir hafa sagt,“ segir Sigmundur. „Þetta var mikið eltingarleikur við myndir og efni. Ég er mikið tarnaður og vann geysilega mikið sumar vikurnar og safnaði efni og settist svo niður við skriftir. Ég vildi koma þessu þannig frá mér að allir yrðu sáttir,“ bætir hann við. Hann er stoltur af bókinni.

„Ég er geysilega ánægður með bókina. Hraðinn í vinnslunni var svona

mikill því ég sá hana alltaf fyrir mér. Ég er vanur blaðamennsku og ég segi að við blaðamenn séum bestu sagnfræðingarnir enda erum við sagnfræðingar, þótt við séum ekki menntaðir sem slíkir. Stundum hugsaði ég: Í hvað ertu kominn, Sigmundur? Þá bara tvíefldist ég enda ákvað ég að ljúka verkefninu þegar ég tók það að mér. Ég sagði í gríni að ég væri stundum kallaður séra Sigmundur en ég ber einnig gælunafnið Bubbi. Þannig að ég myndi ljúka þessu verkefni,“ segir Sigmundur og hlær. Hann naut þess að taka viðtöl við safnaðarmeðlimi Grafarvogssóknar.

„Ég kynntist söfnuði sem stendur vel saman. Þarna er unnið mjög öflugt starf. Kórarnir hafa verið mjög öflugir og góðir og safnaðarfélagið vinnur alveg ótrúlegt starf í að safna fyrir hinum ýmsu munum. Safnaðarmeðlimir smyrja einnig vel þegar veislur eru og annað og ég sagði einu sinni að þegar góðgætið væri borið fram væri það eiginlega munnsöfnuður,“ segir Sigmundur glaður í bragði.

„Aðalatriðið er að sóknarbörnin séu ánægð með bókina. Þá er ég ánægður. Og ég er ánægður því ég heyrði að þau kynnu vel að meta hana.“

liljakatrin@frettabladid.is



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Séra Vigfús Þór tekur fyrstu skóflustunguna að Grafarvogskirkju laugardaginn 18. maí árið 1991.

„Ég sagði í gríni að ég væri stundum kallaður séra Sigmundur en ég ber einnig gælunafnið Bubbi. Þannig að ég yrði kallaður Bubbi biskup ef ég myndi ljúka þessu verkefni.“

Sigmundur Ó. Steinarsson.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VATNSKÖNNUR

Spænski hönnuðurinn Patricia Urquiola hefur hannað könnur sem nota má á veitingahúsum í Bilbao. Innblásturinn sótti hún til hefðbundinna trékanna sem notaðar hafa verið í Baskalandi um aldir.

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnunarþúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



DJÚPHREINSUN

Hreinsandi ehf. annast djúphreinsun á stólum og sófum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Húsgögnin eru sótt á staðinn, þau djúphreinsuð og þurrkuð og keyrð aftur í hús.

ÞRIF Á STÓLUM FYRIR FYRIRTÆKI

HREINSANDI KYNNIR Hreinsandi býður fyrirtækjum og stofnunum upp á þrif á húsgögnum. Hreinsandi bæði sækir húsgögnin á staðinn og skilar og hægt er að fá lánuð húsgögn á meðan hreinsun stendur yfir.

Þetta er tiltölulega ný þjónusta hjá okkur en við hreinsum húsgögn fyrir stofnanir og fyrirtæki,“ útskýrir Daníel Einarsson, framkvæmdastjóri Hreinsanda ehf.

„Við hreinsum sófasett og stóla af biðstofum, setustofum og fyrirlestrasölum, skrifstofustóla og fleira. Hægt er að fá lánaða stóla hjá okkur á meðan verið er að hreinsa húsgögnin en öll hreinsun fer fram í húsnæði okkar að Eldshöfða 1. Þar höfum við fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar og einnig þurrkklefa en við þurrkum húsgögnin eftir hreinsun. Við náum í húsgögnin í viðkomandi fyrirtæki og skilum þeim aftur, hreinum og þurrum. Við tókum þrjú hundruð stóla um daginn og höfum tekið allt upp í sjö hundruð stóla í einu.“

Hreinsandi þjónustar fyrirtæki um allt land. Starfsmaður fer þá á staðinn með þúnað til hreinsunar. „Þar er eini munurinn á að við þurrkum ekki húsgögnin þar sem aðstaðan til þess er hér í Reykjavík.“

HREINSUN Á MYGLUSVEPP

„Við erum einnig að hreinsa myglusvepp úr húsgögnum og innan úr hífylum fólks en starfsmenn okkar hafa farið á námskeið



í hreinsun myglusveppa. Við mætum á staðinn, metum hvað er á ferðinni og til hvaða aðgerða þarf að grípa. Við köllum einnig fagmann til að meta aðstæður ef þess þarf. Íbúar geta þurft að flytja út í nokkra daga meðan á hreinsun stendur,“ segir Daníel.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hreinsanda: www.hreinsandi.is og í síma 577 5000.

EINS OG NÝTT „Öll hreinsun fer fram í húsnæði okkar að Eldshöfða 1. Þar höfum við fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar,“ segir Daníel Einarsson, framkvæmdastjóri Hreinsanda.

TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR **SKORRI** **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Valhöll er komin aftur!

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20%
afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfötum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Granithöllin

Legsteinar





heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Glæsileg eign á útsýnisstað

Fasteignasalan Fold hefur til sölu glæsilegt parhús við Bakkavör, á frábærum stað sunnanmegin í jaðri Valhúsahæðar á Seltjarnarnesi.

Húsið er 315 fm, á tveimur hæðum með bílskúr.

1. hæð: Anddyri er flísalagt og með fataskápum, komið frá því í parketlagt alrými með sjávarútsýni til suðurs. Herbergin eru þrjú á neðri hæðinni og eru þau öll parketlögð. Mögulegt er að hafa fleiri svefnherbergi á fyrstu hæðinni og einnig auðvelt að útbúa þar aukaíbúð. Badherbergi með sturtu er flísalagt með nýlegum tækjum og innréttingu. Þvottaherbergi er með náttúrusteini á gólfum, innréttingu og glugga.

2. hæð: Þangað liggur breiður og góður parketlagður stigi. Stórar stofur og borðstofa, gengt út á rúmgóðar suðursvalir og aðrar valir í vestur með panorama-útsýni yfir hafið og fjöllin. Hvorar tveggja svalirnar eru flísalagðar. Eldhús er með góðum innrétting-



Húsið stendur við Bakkavör á Seltjarnarnesi.

um, borðkrók og búri, þaðan er útsýni yfir Valhúsahæðina og sjávarsýn. Badherbergi er með badkari og sturtu, flísar á veggjum og náttúrusteinn á gólfi. Hjónaherbergi er parketlagt og gengt er úr því inn í rúmgott fataherbergi og badherbergið. Lagt er fyrir B&O-hljómflutningstækjum og sjónvarpi á hæðinni, glerlista-

verk eftir Leif Breiðfjörð fylgir með í sölu.

Á fyrstu hæð er rúmgóður bílskúr og gengt úr honum í geymslu. Að sögn seljanda er hluti fyrstu hæðar ekki á teikningu og raunflatarmál um 315 fm. Húsið stendur á 660 fm eignarlóð. Allar innréttingar eru teiknaðar af Guðbjörgu Magnúsdóttur og sérsmíðaðar.



Opíð hús að Fagrahjalla 3
Þriðjudag 14. október kl. 17:30 – 18:00



VANDAÐ EINBÝLI MEÐ AUKAÍBÚÐ Á ÚTSÝNISSTAÐ Í SUÐURHLÍÐUM KÓPAVOGS

Fallegt 6 herbergja einbýli með bílskúr, í suðurhlíðum Kópavogs. Tvær íbúðir eru í húsinu. Húsið er á tveimur fastanúmerum. Húsinu hefur verið vel við haldið. Hátt til lofts á efri hæð. Mjög stórar flísalagðar suðvestursvalir og sólpallur. Fallegur garður. Hellulagt framan við hús og hiti í bílplani. Staðsetning er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Stutt er í alla þjónustu.

Alls 233,2 fm - Verð 59,9 m

eggert@fasteignasalan.is

Sími 893 1819

Eggert Ólafsson



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnestad
lögg. fasteignasali
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Hátún 4 - Gæsilegt útsýni



Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Mikið endurnýjuð, mjög falleg 117,6 m², 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi við Hátún 4 í Reykjavík. Glæsilegt útsýni. Tvennar stórar valir. Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, geymslu, hol, badherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla er á jarðhæð. V. 41,6 m.

Ánanaust 15 - 101 Reykjavík



Opíð hús þriðjudaginn 14. október frá kl. 17:00 til 17:30

Glæsileg 93 m², 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi við Ánanaust 15 í Reykjavík. Glæsilegt útsýni til Snæfellsness, út á sjó og til Esjunnar. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hol, badherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla er á hæðinni. V. 34,9 m.

Uglugata 58 - 270 Mosfellsbær



Ný 150,8 m², 4ra herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð, ásamt 30,2 m² bílskúr í nýju fjórþýlishúsi sem er í byggingu. Mjög fallegur staður, neðst í götu við opið svæði, mjög stutt í skóla og íþróttasv. að Varmá. Íbúðin afhendast fullbúin með innréttingum. Gólfefni eru eikarparket og flísar. Afhending í febrúar 2015. V. 44,8 m.

Laxatunga 75 - 270 Mos.



Mjög fallegt og vel skipulagt 200,8 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Laxatungu 75 í Mosfellsbæ. Húsið sem er timburhús er klætt með báruáli. Garðurinn er tyrftur, tvær timburverandir og heitur pottur. Seljandi skoðar skipti á 3-4ra herbergja íbúð. V. 52,9 m.

Miðholt 1 - 270 Mos.



Nýtt á skrá Laus strax

47,5 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í þriggja hæða fjórþýli. Íbúðin skiptist í forstofuhol, badherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir geymsla á sömu hæð með glugga. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla. V. 16,0 m.

Njálsgata 37 - 101 Reykjavík



Nýtt á skrá Laus strax

Fallegt 183,3 m² einbýlishús sem er tvær hæðir + kjallari við Njálsgötu 37 í Reykjavík. Sér garður og bílastæði. Eignin er skráð 183,3 m², þar af íbúð á hæð 62,3 m², ris 58,7 m² og kjallari 62,3 m². V. 59,0 m.

Akurholt 17 - 270 Mosfellsbær



300 m² einbýlishús á tveimur hæðum með með möguleika á aukaíbúð í kjallara við Akurholt 17 í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni er forstofa, hol, stórar stofur, tvö herbergi, fataherbergi (snyrtning) og badherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, þvottahús, tvö til þrjú herbergi, eldhús, annað þvottahús, og geymsla. Lóðin er mjög falleg og með miklum trjágróðri, verönd, sundlaug o.fl. V. 59,9 m.

Suðurrhólar 26 - 111 Reykjavík



Nýtt á skrá

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 91 m², 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð við Suðurrhóla 26 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, hol, badherbergi, eldhús með borðkrók og stofu. Sérgeymsla á hæðinni. V. 25,9 m.

Austurbrún 25 - 104 Reykjavík



Opíð hús þriðjudaginn 14. október frá kl. 17:00 til 18:00

Falleg 119,2 m², 4ra herbergja sérhæð á efstu hæð og 50% eignarhluti í 57,4 m² bílskúr við Austurbrún 25 í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, badherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla er í kjallara. V. 39,9 m.

Álmholt 15 - 270 Mosfellsbær



Opíð hús miðvikudaginn 15. október frá kl. 17:00 til 17:30

86,2 m², 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi í fjórþýlishúsi neðst í botnlanga við Álmholt 15 í Mosfellsbæ. V. 24,9 m.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
ellas@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfínsson
Sölumaður
gisl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá.

Skoðum og metum samdægurs.

Sanngjörn sölubóknun.

Skipholt – stúdíóbúðir

Höfum fengið í einkasölu 745 fermetra efri hæð á góðum stað við Skipholt í Reykjavík.

Hæðin selst tilbúin undir innréttingar að innan, en húsið að utan verður allt viðgert og málaðá kostnað seljanda. Eignin selst með samþykktum teikningum að amk. 20 stúdíóbúðum.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í síma 570-4500 eða gtj@fastmark.is

Meistaravellir- 5 herbergja ásamt bílskúr.



Falleg 125,1 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur auk 5,4 fm. sér geymslu í kjallara og 24,5 fm. bílskúrs. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni auk herbergis innaf stofu sem gæti verið fjórða svefnherbergið. Endurnýjað baðherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Svalir til suðurs út af stofu sem er mjög rúmgóð.

Verð 42,9 millj.

Helluvað - 4ra herbergja endaíbúð



Glæsileg 109,2 fm. íbúð að meðalinni 9,0 fm sér geymslu á 2. hæð í Norðlingaholtinu. Um endaíbúð er að ræða með gluggum á þrjá vegu. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til suðvesturs. Þrjú góð svefnherbergi. Sérmerkt stæði í lokaðri bíla- geymslu fylgir. Aðeins tvær íbúðir á hverri hæð. Vel skipulögð eign á frábærum stað.

Verð 33,9 millj.

2JA HERBERGJA



ÁRSKÓGAR – ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ

- 76,1 fm. íbúð á efstu hæð fyrir eldri borgara.
- Húsvörður er í húsinu og félagsaðstaða með samkomusal.
- Svalir til austurs, yfirbyggjanlegar.
- Frábært útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar.

29,9 millj.

3JA HERBERGJA



GULLENGI - SÉRINNGANGUR.

- 85,3 fm. íbúð í Grafarvogi með sérinngangi.
- Svalir til suðurs út af stofu. Útsýni.
- Búíð er að klæða hús að mestu að utan og mála.
- Næg bílastæði og stutt í skóla og leikskóla.

23,9 millj.

Fífumýri – Garðabæ. 2ja herbergja íbúð – laus til afhendingar strax.



Til leigu 62,5 fm. íbúð með sérinngangi á neðri hæð í einbýlishúsi í Fífumýri í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, lítið vinnuherbergi, svefnherbergi og baðherbergi. Eldhús, borðstofa og stofa eru í einu stóru rými. Íbúðin er nýmáluð. Sér bílastæði.

Leiguverð
160 þús. pr. mán.



HÁTÚN – ÚTSÝNISÍBÚÐ

Glæsileg og nýlega endurnýjuð 69,0 fm. útsýnisíbúð á 6. hæð (efstu). Glæsilegt útsýni út á sundin, að Esjunni og víðar. Ný gólfefni. Ný innrétting í eldhúsi og á baðherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðin er til afhendingar strax.

25,9 millj.



GAUTAVÍK – REYKJAVÍK. Á EFRI HÆÐ

- Mjög góð 112,1 fm. íbúð á efri hæð.
- Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Stórar flisalagðar svalir til suðausturs.
- Þvottaherbergi innan íbúðar.

32,5 millj.

SUMARBÚSTAÐIR



SYÐRI – REYKIR, BISKUPSTUNGUM.

54,4 fm. sumarhústaður á mjög grónu og kjarri vöxnu 2,888 ha. eignarlandi við Syðri- Reyki í Biskupstungum. Falleg fjallasýn. Brúará umlykur landið á þrjá vegu. Rafmagn og nægt heitt vatn. 20% eignarhlutur fylgir í gesta- og baðhúsi, einnig 20% eignarhlutur í 67.112 fm. landi.

15,9 millj.

SUMARBÚSTAÐIR



SKORRADALUR.

Vandaður og vel byggður 59,9 fm. sumarhústaður ásamt 18,7 fm. gestahúsi með gufubaði á gróinni og vel staðsettri 4.255,0 fm. eignarlóð. Stórkostlegt útsýni er yfir Skorradalsvatn. Verðnd er við bústaðinn á þrjá vegu. Eignarskipti koma til greina á íbúð á Stór Reykjavíkursv.

36,9 millj.



Bakkasel – Reykjavík.

Mjög gott 172,2 fm. sérbyli á þremur hæðum í tvíbýlishúsi á útsýnisstað í Seljahverfi auk 19,5 fm bílskúrs, samtals er eignin 191,7 fm. að stærð. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum m.a eldhúsið allt opnað og sett ný vönduð innrétting. Einnig er búið að endurnýja bæði gesta wc og baðherbergi. Mikil lofthæð í stofum. Lóðin nýlega hellulögð með hitalögnum undir. Frábært útsýni. Verð 47,0 millj.



Melabraut – Seltjarnarnesi. 4ra herb. með sérinngangi.

Þjört og nánast algjörlega endurnýjuð 111,4 fm. jarðhæð með sérinngangi og verðnd til suðurs á góðum stað á Seltjarnarnesi. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á sl. árum, t.d. rafplagnir og rafmagnstafla, innihurðir, eldhúsinnrétting og tæki, gólfefni, baðherbergi og fleira. Verið er að taka húsið í gegn að utan. Staðsetning eignarinnar er frábær og stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Verð 35,9 millj.



**OPÍÐ HÚS
PRÍÐJUDAG**

JÓNSGEISLI 7

Jónsgeisli 7- Reykjavík. Glæsilegt parhús.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

Glæsilegt 219,9 fm. parhús á tveimur hæðum á frábærum stað í Grafarholti. Húsið er í mjög góðu ástandi að innan og utan, innréttað með ljósum innréttingum og gólfefnum. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfeld lísing í loftum. Fallegt útsýni er úr stofum. Eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvörpstofa. Fjögur herbergi auk fataherbergis. Lóðin er með tveimur veröndum, skjólveggjum og steyptri innkeyrslu og stéttum.



Verð 62,9 millj.
Verið velkomin.

Norðurbrú 2 – Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja íbúð.



**OPÍÐ HÚS
PRÍÐJUDAG**

**Eignin verður til sýnis
frá kl. 17.15 - 17.45**

Mjög falleg, björt og vel skipulögð 123,4 fm. íbúð á 2. hæð í góðu álkæddu fjölbýlishúsi í Sjálandi. Fallegt útsýni er úr íbúðinni yfir sjóinn. Flísalagðar suðvestur svalir. Gólfíðir gluggar í stofu. Fallegt eldhús með birkinnréttingum. Sér stæði í bílageymslu fylgir og lyfta er í húsinu. Staðsetning eignarinnar er góð í nýlegu en grónu hverfi þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði o.fl.

Verð 41,9 millj.
Íbúð merkt 0204.
Verið velkomin.

Einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Hafnarfirði.



Glæsilegt 7 herbergja 208,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðan við götu í Miðholti í Hafnarfirði. Samliggjandi stofur með káminu og mikilli lofthæð að hluta. Fjögur herbergi og sjónvörpstofa. Gólfefni eru gegnheilt oliuborið parket og granitflísar. Eignin stendur á 952,9 fm. lóð, sem er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við, en einnig er stór verönd til suðurs og hellulögð innkeyrsla og stéttir fyrir framan húsið með hitalögnum í.

Óhindrað útsýni er til suðurs, vesturs og norðurs.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 67,9 millj.

SÉRBYLI



FROSTASKJÓL. EINBÝLISHÚS.

Mjög vel staðsett og vel skipulagt 356,2 fm. einbýlishús á þremur hæðum að meðt. 24,9 fm. bílskúr. Rúmgóð stofa og sólskáli. Borðstofa með útgangi á verönd. Sjónvörpstofa. 5 herbergi. Auðvelt væri að útbúa akaíbúð í kjallara hússins. Aðkoma að húsinu er mjög góð og eru 3-4 bílastæði á lóðinni. Staðsetning er frábær, stutt í skóla, leikskóla, íþróttasvæði KR og verslanir. Skjólsæl viðarverönd.



LJÁRSKÓGAR - REYKJAVÍK.

Vel staðsett 210,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum með stórrí skjólgóðri verönd til suðurs og innbyggðum 38,4 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með arni og útsýni til sjávar og víðar. Sex herbergi. Sjónvörpshol með útgangi á víðarverönd til suðurs. Opíð eldhús við stofu. Húsið stendur á 1.067 fm. lóð innst í botnlanga og er stór hellulögð innkeyrsla fyrir framan húsið.

52,9 millj.

SÉRBYLI



PÓRSGATA. HEIL HÚSEIGN.

192,9 fm. einbýlishús á þremur hæðum, að meðt. 2 sér geymslum, auk byggingarréttar við opíð svæði. Húsið hefur á undanförmum árum verið mikið endurnýjað. Pak hússins er nýtt. Húsið hefur allt verið einangrað uppá nýtt að innan og klætt með gífsi. Byggingarréttur að ca. 75 fm. er fyrirgjandi en mögulegt væri að fá hann aukinn enn frekar. **Falleg eign í hjarta miðborgarinnar.**

85,0 millj.

4RA - 6 HERBERGJA



SAFAMÝRI- 4RA HERBERGJA ÁSAMT BÍLSKÚR.

Falleg 100,4 fm. íbúð á 3. hæð ásamt 21,1 fm. bílskúr eða samtals 121,5 fm. við Safamýri. Búíð er að endurnýja eldhús, innihúðar og gólfefni að hluta. Hús að utan í mjög góðu standi. Flísalagðar og yfirbyggðar svalir til vesturs. Rúmgóð stofa. Þrjú herbergi.

32,9 millj.

4RA - 6 HERBERGJA



ARNARÁS 2 – GARÐABÆ. EFRI SÉRHÆÐ.

Mjög falleg 5 herbergja 134,6 fm. efri sérhæð með fallegu útsýni í Ásahverfinu. Miklar innréttingar úr kirsuberjaviði eru í eldhúsi og útsýni er að Esjunni, yfir Garðabæ að Kópavogi og víðar. Skjólsælir svalir til suðvesturs út af stofu. Sjónvörpshol og þrjú rúmgóð svefnherbergi. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða er á lóð.

42,9 millj.



KÓPAVOGSBRAUT – KÓPAVOGI.

115,3 fm. hæð og ris ásamt 33,1 fm bílskúr í þrjúbýlishúsi. Húsið var allt klætt að utan árið 2006. Íbúðin sem er nýmáluð skiptist m.a. í eldhús með eikarinnréttingu, stofu og borðstofu með gluggum á tvo vegu og 3 herbergi. Lóðin er 1.716 fm. að stærð og hefur henni verið skipt á milli þessa þriggja íbúða. Bílskúrin er innréttaður sem íbúðarherbergi í dag. Pak verður málað í sumar. **41,5 millj.**

GRÆNLANDSLEIÐ



Grænlandsleið - Grafarholti.

Glæsilegt 166,2 fm. sérbylí á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi auk 38,8 fm bílskúrs, samtals 205 fm. að stærð. Mjög vönduð og fallega innréttað eign. Stofa/borðstofa með stórum gluggum í þrjár áttir og frábæru útsýni. Úr stofum er útgengi á stóra þakverönd. Lóðin er mjög falleg og er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við. Garðrýmið tengist stórrí þakverönd með útsýni móti norðri og vestri. Stórt bílplan fyrir framan bílskúr. **Vel staðsett eign innst í götu. Verð 64,9 millj.**

SVIÐHOLT SVÖR



Sviðholtsvör – Garðabæ

Mjög fallegt og vel skipulagt 127,0 fm. einbýlishús á einni hæð auk 38,3 fm. bílskúrs á fallegum stað nærri sjónum á sunnanverðu Álfanesi. Húsið stendur á 900,0 fm. eignarlóð með matjurtargarði, tyrfdum flötum, fallegum gróðri, veröndum og lýsingu. Samliggjandi stofur með útgengi á verönd Tvö herbergi auk sjónvörpsherbis sem auðvelt er að breyta í 1-2 svefnherbergi. Húsið er í góðu ástandi að innan og utan og baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað á vandaðan máta. **Verð 42,9 millj.**



Sverrir Kristinnsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögræðingur, lögg. fasteignasali
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali
Brynjar Þ. Sumarliðason, Sölumaður
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Þorleifsdóttir, ritari
Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari
Guðrún Magnea Arnadóttir, ritari
Anna M. Sigurðardóttir, ritari

STÓRAGERÐI 4 108 RVK. ÍBÚÐ MERKT 03-01.



OPÍÐ HÚS
mánudag

Maðurinn sem hataði börn eftir Þórarinn Leifsson fjallar um tólf ára dreng, Sylvek, sem býr ásamt ömmu sinni í vesturbæ Reykjavíkur. Þau fluttu þangað frá Barcelona þegar þeim áskotnaðist óvænt hús þar í bæ. Hugmyndir þeirra og vonir um Ísland voru afar glæstar en segja má að nýju heimkynnin stundi ekki alveg undir væntingum. Ekki batnar það svo þegar ungir drengir fara að finnast myrtir í hverfinu þeirra. Um svipað leyti flytur fámáll maður í risherbergið heima hjá þeim, en hann segist hata börn.

Bókin er sneisafull af hárbeitri ádeilu á samfélag okkar. Blanda af léttri hádsádeilu og harðri gagnrýni á samfélagslega rétthugsun, eða öllu heldur ríkjandi skort á henni.

Höfundur velur sögumanni sínum sjónarhorn innflytjanda. Þannig fær ákveðinn minnihlutahópur samfélagsins rödd, hópur sem gjarnan hefur sætt fordómum. Með því að segja söguna út frá sjónarhorni Sylveks varpar höfundur auk þess ljósi á samfélag okkar, sem er okkur svo kunnugt en sögumanni fram-

andi og furðulegt. Lesandinn nær miklu frekar tengingu við aðalpersónuna heldur en samfélagið sem byggt er á íslenskum samtíma. Það er spilt og nokkuð ógeðslegt.

Fáránleikinn er allsráðandi í sögunni og undirrituð víðurkennir fúslega að hún skelti upp úr nokkrum sinnum þar sem hún las í bókinni á almannaþæri. Kaldhæðni einkennir söguna að miklu leyti og heldur uppi annars stórfurðulegum söguþræði sem fléttast saman að lokum. Sögusviðið er sem fyrr segir byggt á íslenskum raunveruleika en þó sett fram sem einhvers konar hliðarveröld.

Gráglettnar teikningar Þórarins sem prýða bókina glæða persónur og umhverfi lífi. Sérstaklega er framsetningin á steratröllunum kostuleg, sem og ömmunni Silvíu Kandellu Mariu Karmen Arias, sem reyndar hefur neyðst til að taka upp íslenska nafnið Sigríður Sjutt. Amman er sannarlega ein af fyndnari persónum sögunnar, þótt bókinn sé raunar uppfull af stórskemmtilegum og frumlegum persónum.

Halla Þóraug Óskarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Hress og bráðfyndin saga, þó með drungalegu yfirbragði. Hárbeitt en samt svo lúmsk ádeila á íslenskt samfélag, sett fram í furðusagnastíl.



Óparfi að skjóta gítarleikarann

TÓNLIST ★★★★★

Guitar Islancio

GUITAR ISLANCIO Í SALNUM Í KÓPAVOGI FÖSTUDAGINN 10. OKTÓBER.

Ég hef heyrt að eina leiðin til að fá tvo gítarleikara til að spila hreint sé að skjóta annan þeirra. En ég fann aldrei fyrir þörf fyrir að draga upp skammbyssu á tónleikum Guitar Islancio á föstudagskvöldið.

Hópurinn samanstendur af Birni Thoroddsen og Gunnari Þórðarsyni á gítara og Jóni Rafnssyni á kontrabassa. Þeir hafa verið í pásu undanfarin sex ár, en komu nú fram fyrir áheyrendur í Salnum í Kópavogi. Reyndar voru ekki margir tónleikagestir, merkilegt nokk. Ég sat á svölunum og var nánast einn. Það kom á óvart. Guitar Islancio var vinsæl hljómsveit eftir því sem ég best veit. Hún hefur haldið tónleika víða um heim. En sex ára hlé frá tónleikahaldi er kannski nóg til að gleymast.

Tónlistin sem þeir kumpánar léku var þægileg áheyrnar. Yfir henni var djassyfirbragð, sem þó var mjög afslappað. Þarna voru þekkt íslensk lög eins og Ólafur Liljurós og hið færeyska jóla/vikivakalag Góða veislu gjöra skal. Svo gat að heyrja tónlist eftir Stevie Wonder, Django Rheinhardt og þar fram eftir götunum.

Leikurinn var ávallt til fyrirmyndar, kraftmikill og litríkur. Gítarspilið var glitrandi og



hljómfagurt, bassinn líflægur og taktfastur. Samspilið var pottþétt, það var greinilegt að þremmingarnir hafa unnið lengi saman.

Stemningin í salnum var góð eins og nærri má geta. Inn á milli laganna reyttu þeir Björn og Gunnar af sér brandarana. Fólk skellihló. Margt af bröndurinum var um ýmislegt sem hefur komið fyrir hljómsveitina á tónleikaferðum. Ein sagan var af Stevie Wonder, sem er átrúnaðargoð þeirra. Þeir voru þá á flugvelli og sáu goðið ekki langt frá, ásamt hópi lífvarða og annarra starfsmanna. Guitar Islancio var með gítarana uppi við, svo ekkert fór á milli mála að tónlistarmenn voru á ferð. Kom Wonderinn til Íslendinganna og heilsaði upp á kollegana? Ó nei. Hann gekk bara fram hjá þeim og virti þá ekki viðlits. Auðvitað hafði hann góða

afsökun, því hann er blindur. En lífverðirnir hefðu fjandakornið geta látið hann vita. Svona voru nú öll kynnin af meistararum. Hvílík vonbrigði!

Svo sem áður hefur komið fram var það ekki bara Stevie Wonder sem gaf Guitar Islancio engan gaum. Synd var hversu fáir voru á tónleikunum, því þeir voru svo finir. Ég kom þangað örþreyttur eftir vikuna; það var ljúft að láta ljóða úr sér og njóta tónlistarinnar. Ég á ekki geisladiska hópsins, en ég get vel ímyndað mér að það sé huggulegt að hafa þessi skemmtilegu lög á fóninum. Svona þegar maður vill slaka á og lakka á sér táneglurnar. Annað getur bara ekki verið.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Flottir tónleikar með áheyrilegri og líflægri tónlist. Spilamennskan var frábær.

ÓDÝRT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA



HAUSAÐUR
KOLI

790
kr.kg

PÖNNUSTEIKJA HEILANN EÐA Í OFNI

RAUÐSPRETTUFLÖK



1.190
kr.kg

VELTA UPP ÚR HVEITI OG EGGI
STEIKJA Á PÖNNU
MEÐ HOLLANDAIS SÓSU

RAUÐSPRETTURÉTTUR M/ SÍTRÓNUSMJÖRI
ROÐLAUS OG BEINLAUS



1.590
kr.kg

SETJA Í OFN VIÐ 180 GRÁÐU HITA
Í 20 MÍNÚTUR

GILDIR ALLA VIKUNA



FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3
HÖFÐABAKKA 1
Sími 587 7755

Smiðjur Emils Hjörvars að hefjast

Emil Hjörvar Petersen heldur ritsmiðjur um furðusagnaskrif.

Bókmenntaborgin býður upp á furðusagnasmíðjur með rithöfundinum og bókmenntafræðingnum Emil Hjörvari Petersen á Lestrarhátíð í Bókmenntaborg 2014, en hún er nú haldin í þriðja sinn undir heitinu Tími fyrir sögu. Emil hefur þegar haldið þrjá opna fyrirlestra um furðusögur en nú er komið að því að áhugasamir geti spreytt sig á því að skrifa sínar eigin sögur.

Smiðjurnar fara fram í Borgarbókasafni Reykjavíkur í Tryggvagötu 15. Hópurinn hittist fjórum

sinum og er fyrsti tíminn á morgun klukkan 17. Athugið að það þarf að bóka þátttöku í ritsmiðjurnar og að sami hópurinn tekur þátt í öllum smíðjunum fjórum.

Meðal þess sem unnið verður með eru frumdrög, hugmynda- og rannsóknarvinna, hvernig fléttur eru myndaðar, bygging mótuð og atburðarás þróuð. Rætt verður um notkun íslenskunnar í furðusögum og persónusköpun, bygging samtala, sjónarhorn og stílbrögð verða áberandi.

Ritsmiðjurnar eru öllum opnar sem hafa náð átján ára aldri. Þær henta bæði þeim sem hafa reynslu af ritstörfum og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref, því smíðjurnar byggjast á nokkru sem er nýtilkomið hér á landi; á furðusögum sem skrifaðar eru á íslensku. Þátttaka er ókeypis.

Emil Hjörvar er höfundur þrileikssins Saga eftirlifenda, en síðasta sagan í seríunni er væntanleg nú í október.



FURÐUSAGNA-SPEKÚLANT
Emil Hjörvar hefur vakið athygli fyrir þrileik sinn, sögu eftirlifenda.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tyrknesk sæla á bókasafni

Zeynep, Caglar og Saadet bjóða í dag klukkan 17.30 gestum og gangandi að kynnast tyrkneskri menningu og tungu í Café Lingua. Austurlensk stemming verður ríkjandi þar sem dans, ljód, lifandi tónlist og bækur munu leiða þátttakendur inn í tyrkneskan heim. Boðið verður upp á tyrkneskt kaffi og tyrkneska sælu.

Viðburðurinn er í samvinnu við Tyrknesk-íslenska menningarfélagið og fer fram í aðalsafni Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Allir velkomnir.



HEIMSPEKINGUR Gunnar Hersveinn talar um styrkleika mjúklyndis og veikleika harðlyndis í Gerðubergi á miðvikudagskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ

Mjúklyndi og harðlyndi

Spurningin sem varpað verður fram á heimspekikaffi í Gerðubergi á miðvikudagskvöldið kvöld er: Hvers vegna gera samfélög mannréttinda og mannúðar loftárásir? Gunnar Hersveinn rithöfundur ræðir um styrkleika mjúklyndis og veikleika harðlyndis og Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, talar síðan um birtingarmyndir ófriðar fyrir konur og börn í Afganistan en hún er nýkomin heim eftir hálfis árs vinnu í Afganistan á vegum friðargæslunnar sem kynjasérfræðingur hjá NATO.

Dagskráin hefst klukkan 20 og eru allir velkomnir.

Hnotubrjóturinn í Hörpu

Á aðventunni mun St. Petersburg Festival Ballet sýna balletinn Hnotubrjótinn við tónlist Tsjaikóvskís sem leikin er af Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Sýningar verða frá 21. til 23. nóvember í Eldborg. Stjórnandi er Sergey Fedoseev, danshöfundur er Marius Petipa og búningar og umgjörð eru í höndum Vyacheslavs Okunev.

Sýningin á Hnotubrjótnum mun vera sú fyrsta þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur með St. Petersburg Festival Ballet sem skipaður er fremstu listdönsurum ballettsins og dönsurum úr úrvals dansflokkum.



Sjáumst með F plús

Skammdegið er skemmtilegt, sérstaklega þegar maður er vel búinn. Þeir sem eru með F plús fjölskyldutryggingu geta sótt sér hlýja og skínandi fallega húfu eða eyrnaband á næstu þjónustuskrifstofu VÍS.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

SAMBIO.IS

ALEXANDER KL. 6-8-10:10

THE ANGRILEST MAN IN BROOKLYN KL. 6-8-10:10

ANNABELLE KL. 8-10:10

ANNABELLE VIP KL. 5:40-8-10:20

AFINN KL. 5:40-8-10:20

TÖFRAHÚSIÐ KL. 6

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY KL. 9

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 6:20

EGILSHÖLL

ALEXANDER KL. 6-8-10

THE ANGRILEST MAN IN BROOKLYN KL. 10:20

ANNABELLE KL. 5:40-8-10:20

DRACULA UNTOLD KL. 8-10:10

AFINN KL. 5:40-8

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D KL. 5:40

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

ANNABELLE KL. 10:40

AFINN KL. 5:40-8-10:20

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY KL. 5:20-8

KEFLAVÍK

ALEXANDER KL. 8

GONE GIRL KL. 8

ANNABELLE KL. 10

AKUREYRI

ALEXANDER KL. 6-8

THE ANGRILEST MAN IN BROOKLYN KL. 10:20

ANNABELLE KL. 10

AFINN KL. 8

TÖFRAHÚSIÐ KL. 6

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Dóttirin kynnti Reese fyrir Malövu

Þegar Reese Witherspoon var 14 ára var hún farin að fara í áheyrnarprufur. Þegar dóttir hennar Ava var 14 ára sýndi hún móður sinni bók Malövu Yousafzai. Þessu sagði Reese frá á góðgerðarkvöldi Variety fyrir konur með völd á föstudaginn í Los Angeles. Reese talaði til heiðurs góðgerðarsjóði Malövu. Þar sagði hún frá því hvernig dóttir hennar hefði kynnt hana fyrir þessari hetju. „Þegar dóttir mín var 7 eða 8 ára gömul sagði hún við mig að hún vildi ekki fara í skólann. Ég nýtti tækifærið og sagði henni frá því að til væri fullt af stelpum um allan heim sem fengu ekki að fara í skóla. Hún var mjög hissa og spurði mig af hverju,“ sagði hún meðal annars í ræðu sinni. Dóttirin kynnti móður sinni svo þessa mögnuðu baráttuhetju síðar, þegar hún var orðin 14 ára. Reese var þakklát fyrir það og talaði hún einnig um hversu mögnuðu baráttu Malövu væri og hvað hún hefði gert mikið fyrir konur í heiminum.

Hundakúkur

BAKPANKAR Ég þarf ekki að ganga nema þrjú hund- Berglindar Pétursdóttur



Ég þarf ekki að ganga nema þrjú hund- Berglindar Pétursdóttur

uð metra eftir Bergstaðastrætinu til að komast í vinnuna. Á þessari stuttu morgungöngu er ýmislegt við að vera. Hægt er að veifa að minnsta kosti fimmtíu túristum, og aðstoða þá svo alla við að finna The Volcano Show í Hellusundi (ábending til Volcano Show; fáid ykkur skilti), dást að miðborginni og hnjóta um glaðleg leikskólabörn á leið sinni á Laufásborg. Þarna á horni Bragagötu er líka listasafn með fallettri list en gluggar gallerisins eru ekki síður upplagðir til að spegla sig í. Á þessari skemmtilegu leið minni hefur upp á síðkastið verið bryddað upp á nýjung að frumkvæði hinna ýmsu hundaeigenda sem virðast margir vera hættir að a) tína upp eftir hundana sína og b) vísa hundunum sínum í garð Egils Helgasonar að skíta. Undanfarið hef ég á þrjúhundruðmetrunum talið allt að fjórtán saursýni sem hundarnir hafa í lífeðlisfræði-

legri blindni verið svo vingjarnlegir að skilja eftir, og hinir siðblindu eigendur barasta haldið blístrand áfram göngunni, „érekki með poka sko“.

DÆMI um týpískan haust-antíklímax er þegar þú ert spígsporandi í haustsólinni, andandi hraustlega að þér köldu súrefni í glænýjum bomsfum og finnur svo að þú rennur í sporinu. Í hægðum. Þú reynir að klína stærsta lortinum aftur í stéttina, tekur kleprana sem eftir verða með þykku laufi, veltir vöngum yfir því af hverju þetta séu örlög þín og horfir á eftir litlu tári sem dettur ofan í kúkin. Hvort sem um er að ræða sólþurrkaðan með skorpu eða niðurrignða ógeðsklessu, allt sama niðurlæggingin.

ÉG á ekki hund svo ég veit ekki hversu þrúgandi álag það er að tína upp spörðin eftir þá en ég á þriggja ára son og ekki legg ég það á hundaeigendur að stíga glænýjum Timberland-skóm í sakleysi sínu í lungamjúkar hægðir hans.

HÆTTIÐ að vera svona mikil ógeð. Tínið upp eftir dýrin ykkar.



SLÓ Í GEGN Finnarnir voru yfir sig hrifnir af matnum hennar Ylfa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ylfa eldar á Michelin-stjörnuveitingahúsi í Finnlandi

Ylfa Helgadóttir kokkur tók þátt í Food and Fun í Finnlandi. Fékk sérstök verðlaun fyrir bestu heildarupplifun.

„Ég frétti að hann hefði verið búinn að spotta mig áður en hann kom að borða hjá mér. Svo kom hann bara til mín og bauð mér að koma næsta sumar. Það má segja að hann sé Siggi Hall Finnlands,“ segir Ylfa Helgadóttir, kokkur og annar eigenda veitingastaðarins Kopars. Hún tók þátt í Food and Fun-hátíðinni sem haldin var í Finnlandi nú fyrir skemmstu, og í framhaldinu var henni boðið að koma og vinna í svokölluðu Food Camp fyrir eina Michelin-stjörnuveitingastaðinn í Finnlandi. „Eigandi staðarins, sem heitir OLO, ætlar að leggja áherslu á kvenkoka á næsta ári. Við verðum á stað sem er rétt fyrir utan Hels-

inki og fáum meðal annars að fara út í skóg og tína fersk hráefni þar. Þetta verður æði,“ segir Ylfa. Hátíðin Food and Fun er íslensk en þetta er í fyrsta sinn sem hún er haldin erlendis. „Siggir Hall bauð mig bara um að koma ein vera með í sumar, því hann vantaði kvenkynskokk,“ „Ég var eina stelpa úti, en það var ekkert nýtt, það er yfirleitt sirka ein stelpa á móti tíu stráköm.“ Ylfa segir að Finnarnir hafi tekið þessu mjög alvarlega og setningarhátíðin var einstaklega glæsileg, en hún var haldin í ráðhúsinu í Helsinki. Ylfa segist hafa verið mjög heppin með veitingastaðinn sem hún fékk, sem

heitir MAMI. „Ég var búin að senda þeim hugmyndir og leiðbeiningar um fjögurra rétta matseðil eftir mínu höfði í tölvupósti og var svo búin að gera ráð fyrir að vera að elda allt kvöldið. Svo þegar ég mætti þá rétt náði ég að sýna þeim hvernig diska ég vildi hafa,“ segir Ylfa. „Ég var svo bara stærstan hluta af kvöldinu frammi að spjalla við gestina, það voru allir svo áhugasamir og spurðu mikið. Það var alveg rosalega gaman og þetta gekk svo vel.“ Við undirbúning matseðilsins lagði Ylfa áherslu á hráefni sem væri fánlegt bæði hér heima og í Finnlandi. „Ég er rosalega mikið fyrir bragðríkan mat og skemmtilegar samsetn-

“Ég var eina stelpa úti, en það var ekkert nýtt, það er yfirleitt sirka ein stelpa á móti tíu stráköm.”

ingar og lagði áherslu á að hafa mat sem var óvenjulegur fyrir Finnunum,“ segir Ylfa.

Á lokakvöldinu hlaut hún og hennar veitingastaður sérstök verðlaun fyrir að hafa náð bestu heildarupplifuninni. „Það er víst ekki venjan að verðlauna fyrir þetta, en þeir voru svo rosalega ánægðir með þetta. Mjög gaman að fá svona extra viðurkenningu,“ segir Ylfa.

adda@frettabladid.is

SMÁRRÁ BIÓ **HÁSKÓLA BIÓ**

GONE GIRL KL. 4:45-8-10:15

GONE GIRL LÚXUS KL. 4:45-8

DRACULA KL. 5:45-8-10:30

THE EQUALIZER KL. 8-10:45

THE MAZE RUNNER KL. 5:30-8

LET'S BE COPS KL. 5:45

PÓSTURINN PÁLL ÍSL. TAL. 2D KL. 3:30

AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL. TAL. 2D KL. 3:30

SMÁHEIMAR 2D KL. 3:30

HÁSKÓLA BIÓ

GONE GIRL KL. 5:45-9

THE EQUALIZER KL. 9

PARÍS NORÐURSINS KL. 5:45-8-10:15

BOYHOOD KL. 5:40-9

VONARSTRÆTI KL. 6

LAUGARÁSBÍÓ **Coca-Cola**

TUSK - SÉRSTÖK SÝNING 8

GONE GIRL 7, 10:10

DRACULA UNTOLD 10:20

SMÁHEIMAR 5:40

WALK AMONG TOMBSTONES 5:40, 8, 10



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Nýr Kia Sportage

Besti sportjeppinn

samkvæmt könnun J.D. Power

HVITA HUSBÍL/SIA - 142189



SPORTAGE



The Power to Surprise

Reynsluaktu sparneytnum og kraftmiklum dísilbíl

Nú er Kia Sportage kominn í nýrri útfærslu með breyttu útliti, enn betri hljóðeinangrun og skemmtilegum nýjungum. Nýr Kia Sportage er **öflugur og sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 6,0 l/100 km** í blönduðum akstri. Fáanlegur beinskiptur og **sjálfskiptur**.

Kia Sportage hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og reyndist m.a. **besti sportjeppinn** að mati þýskra bíleigenda 2014 í könnun **markaðsrannsóknar-fyrirtækisins J.D. Power**. Þá hefur bíllinn hlotið hin virtu **Red Dot hönnunarverðlaun**.

Komdu við hjá Öskju að Krókhálsi 11 og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. Við tökum vel á móti þér.



Askja í samstarfi við Lykil gerir þér kleift að eignast nýjan KIA á auðveldan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykil lánar þér afganginn til allt að 7 ára. Þú velur bíllinn og sölumenn Öskju sjá um að ganga frá láninu.

Fáanlegur 1,7 dísil, 2wd. Verð frá 4.890.777 kr.

Kia Sportage 2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd
Verð frá **5.990.777 kr.**

Aðeins **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 2.400.000 útborgun og bílalan frá Lykli í 84 mánuði. 8,75% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,38%. Nánar á lykill.is.

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.


MARKATALA ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐSINS Í FYRSTU TVEIMUR LEIKJUNUM Í UNÐANKEPPNI 1974-2014

→ Met sem hafa fallið í ár

Flest stig í fyrstu tveimur leikjum (6 - EM 2016)

Flest mörk í fyrstu tveimur leikjunum (6 - EM 2016)

Fæst mörk fengin á sig í fyrstu tveimur leikjunum (0 - EM 2016)



Á ekki að vera létt að koma til Íslands

Íslenska karlalandsliðið hefur aldrei byrjað betur í undankeppni. Hannes Þór Halldórsson er ekki enn búinn að fá á sig mark og miðjumennirnir Elmar Bjarnason og Ari Freyr Skúlason blómstra í bakvarðarstöðunum. Næst á dagskrá er eitt besta lið heims, Holland.

FÓTBOLTI Hollendingar mæta í Laugardalinn í kvöld og mæta þar íslenska landsliðinu í metaham. Í fyrsta sinn í sögunni hefur íslenska landsliðið fullt hús og hreint mark eftir tvo leiki. Eins og sjá má fyrir ofan þá er markatalan í ár í sérflokk hvað varðar sögu Íslands í undankeppnum.

„Þetta er fullkomin byrjun og nú er bara að nýta það og taka það með sér inn í þennan erfiða leik á móti Hollandi,“ sagði Hannes Þór Halldórsson, markvörður.

Theódór Elmar Bjarnason og Ari Freyr Skúlason hafa skilað bakvarðarstöðunum með miklum sóma en þeir eru vanalega miðjumenn. „Við erum með marga leikmenn sem eru vanalega miðjumenn. Það er ég, Theódór Elmar, Emil Hallfreðs, Birkir Bjarna og svo auðvitað Aron og Gylfi. Það þýðir kannski að við erum vel

spilandi lið og getum leyst erfiðar stöður,“ sagði Ari Freyr Skúlason. Ari Freyr kom inn í vinstri bakvörðinn í síðustu keppni og nú leikur Theódór Elmar það eftir.

„Elmar er búinn að koma frá bærlega inn í liðið. Mér finnst hann búinn að vera gallalaus í þessum tveimur leikjum,“ sagði Ari um kollega sinn hinum megin.

„Ég er búinn að vera sáttur við mína frammistöðu,“ sagði Theódór Elmar. „Ég er ekki vanur því að spila bakvörðinn og þetta er aðeins öðru vísi fókus. Það hefur gengið vel og ég er líka með Kára og Ragga sem eru við hliðina á mér og að tala við mig. Þeir hafa leiðbeint mér vel þannig að það hefur verið auðvelt að aðlagast.“

„Ef við ætlum að enda í fyrstu tveimur sætum þá getum við ekki verið að sætta okkur við tap þótt að þeir séu besta lið í heimi.

Ef við verðum skynsamir á morgun og allir ná sínum toppleik eins og á móti Tyrkjum þá getum við náð fínum úrslitum,“ sagði Theódór Elmar. Hollendingar eru þegar búnir að tapa einum leik og pressan er mun meiri á þeim.

„Þeir líta á Ísland sem lið sem þeir eiga að vinna. Þeir munu hins vegar fá erfiðan leik og þetta er mjög óþægilegur leikur fyrir þá því kröfurnar á þá eru að vinna okkur og helst nokkuð auðveldlega,“ sagði Hannes.

Ari hefur fulla trú á góðum úrslitum. „Ef við höldum okkar striki áfram, trúum á okkur og höldum áfram að berjast hver fyrir annan þá mun þetta ganga vel. Þeir eru örugglega smá smeykir við okkur en sýna okkur samt virðingu. Það á ekki að vera létt að koma til Íslands,“ sagði Ari Freyr að lokum. oo@frettabladid.is



HELDUR ENN HREINU Hannes Þór Halldórsson fagnar hér einu af sex mörkum íslenska liðsins. Á litlu myndunum eru síðan Ari Freyr og Theódór Elmar.



AVIS bílarnir eru komnir á Bílasölu Reykjavíkur

Auðveld kaup á nýlegum bílum

Engin lántökugjöld á bílafjármögnun til einstaklinga í október hjá Landsbankanum

Allt að 80% lánshlutfall

Opið

Laugardag 12-16

Virka daga 10-18

AVIS[®]

Með plötuspilara

TILBOÐ

22.491

FULLT VERÐ 29.989



Lenco
Lenco TCD974

25%
AFSLÁTTUR

Bluetooth hátalarar

TILBOÐ

14.991

FULLT VERÐ 19.989



TDK
TDK-A26

25%
AFSLÁTTUR

Hljómteki með Bluetooth

TILBOÐ

22.491

FULLT VERÐ 29.989



PHILIPS
Philips BTM1180

25%
AFSLÁTTUR

Frábær hljóðstöng

TILBOÐ

44.991

FULLT VERÐ 59.989

25%
AFSLÁTTUR



JBL
JBL SB200

3D Blu-Ray heimabið

TILBOÐ

67.491

FULLT VERÐ 89.989

25%
AFSLÁTTUR



Panasonic
Panasonic SCBTT200

25-50% AFSLÁTTUR
AF ÞESSUM GRÆJUM

Fráær hljómur
Með hjóðnema

TILBOÐ

7.494

FULLT VERÐ 14.989



PHILIPS
PHILIPS SHL5605BK

50%
AFSLÁTTUR

Ötrúlegur bassahljómur

TILBOÐ

9.994

FULLT VERÐ 19.989



PHILIPS
PHILIPS SH05305BL

50%
AFSLÁTTUR

Með Bluetooth

TILBOÐ

12.494

FULLT VERÐ 24.989



PHILIPS
PHILIPS SHB9150WT

50%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

Létt og nett fyrir börn

TILBOÐ

2.224

FULLT VERÐ 4.489



PHILIPS
PHILIPS SHK1030/1031

max.is

MAX
RAFTAEKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Stöð 2 kl. 20.05

Gulli byggir

Gulli byggir eru skemmtilegir þættir þar sem sjónum er beint að breytingum og lagfæringum á húsnæði.



Í KVÖLD



Mindy Project

STÖÐ 2 KL. 19.20 Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



Landsleikur

RÚV KL. 18.20 Bein útsending verður frá viðureign Íslendinga og Hollendinga í undankeppni Evrópumóts landsliða í fótbolta karla. Ná íslensku strákarnir að velgja hinu feiknasterka hollenska liði undir uggum?



The Devil Wears Prada

BÍÓ KL. 20.10 Skemmtileg mynd með Anne Hathaway og Meryl Streep í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um Andreu Sachs, unga og óreynda blaðakonu sem flýst til New York og fær vinnu sem aðstoðarstúlka Miröndu Priestly sem er framkvæmdastjóri Runway.

Bylgjan kl. 10

Ívar Guðmunds

Ívar mætir ferskur eftir helgina og byrjar vikuna með góðri tónlist.



Create Now – Reykjavík

Grand Hótel, 15.-16. október

Námsstefnan Adobe Create Now verður haldin á Grand Hótel Reykjavík með fjölda frábærra fyrirlestra um notkun Adobe hugbúnaðar fyrir **ljósmyndara, prenthönnuði, vefhönnuði og kvikmyndagerðarfólk.**

2 dagar, 27 fyrirlestrar frá 6 sérfræðingum verð aðeins 15.000 kr.

Ókeypis kynningarfyrirlestur um Creative Cloud báða dagana. - Allir velkomnir

Nánari upplýsingar og skráning er á heimasíðu Hugbúnaðarsetursins:

www.hugbunadarsetrid.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Wonder Years
- 08.30 2 Broke Girls
- 08.50 Mom
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.15 The Crazy Ones
- 10.35 Kolla
- 11.05 Make Me a Millionaire Inventor
- 11.50 Falcon Crest
- 12.40 Nágrannar
- 13.00 Mistresses
- 13.45 So You Think You Can Dance
- 15.10 ET Weekend
- 16.00 Ofurhetjusérsvéitin
- 16.20 Bara grín
- 16.50 New Girl
- 17.15 Bold and the Beautiful
- 17.37 Nágrannar
- 18.02 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Mindy Project
- 19.40 The Goldbergs
- 20.05 Gulli byggir
- 20.35 Outlander
- 21.40 Legends
- 22.25 Boardwalk Empire
- 23.20 Modern Family
- 23.40 The Big Bang Theory
- 00.00 Gotham
- 00.45 Stalker
- 01.30 Burn Notice
- 02.15 The Prey
- 03.55 Wrath of the Titans
- 05.30 Gulli byggir

SPORT besta sætið

- 07.20 Rússland - Moldóva
- 09.00 Albanía - Danmörk
- 10.40 Armenía - Serbía
- 12.20 Lúxemburg - Spánn
- 14.05 Austurríki - Svartfjallaland
- 15.50 Kasakstan - Tékkland Bein útsending frá leik Kasakstans og Tékklands í undankeppni EM 2016.
- 18.05 Meistaradeild Evrópu
- 18.35 Lettland - Tyrkland Bein útsending frá leik Lettlands og Tyrklands í undankeppni EM 2016.
- 20.45 Leiðin til Frakklands
- 22.00 Ísland - Holland
- 23.40 Bosnía - Belgía
- 01.20 Leiðin til Frakklands

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Eistland - England
- 11.45 Hull - Crystal Palace
- 13.30 Premier League World 2014
- 14.00 Aston Villa - Man. City
- 15.40 Messan
- 16.55 England - San Marínó
- 18.35 Wales - Kýpur Bein útsending.
- 20.40 Eistland - England
- 22.20 Peter Schmeichel
- 22.50 Wales - Kýpur

STÖÐ 3

- 16.45 Total Wipeout UK
- 17.45 How To Live With Your Parents for the Rest of your Life
- 18.10 One Born Every Minute
- 19.00 World Strictest Parents
- 20.00 Friends With Benefits
- 20.20 Silicon Valley
- 21.00 Graceland
- 21.45 The Vampire Diaries
- 22.30 Hello Ladies
- 23.00 Drop Dead Diva
- 23.40 Witches of east End
- 00.20 Terminator. The Sarah Connor Chronicles
- 01.05 World Strictest Parents
- 02.05 Friends With Benefits
- 02.25 Silicon Valley
- 02.55 Graceland
- 03.40 The Vampire Diaries
- 04.20 Hello Ladies

Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto
- 07.22 Skógardýrið Húgó
- 07.44 Skoppa og Skríttla
- 07.56 Tommi og Jenni
- 08.00 Ævintýri Tinna
- 08.25 Latibær
- 08.47 Hvellur keppnisbíl
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 09.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveinsson
- 10.45 Elías
- 10.55 UKI
- 11.00 Ofurhundurinn Krypto
- 11.21 Skógardýrið
- 11.43 Skoppa og Skríttla
- 11.55 Tommi og Jenni
- 12.00 Ævintýri Tinna
- 12.25 Latibær
- 12.47 Hvellur keppnisbíl
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 13.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 13.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveinsson
- 14.45 Elías
- 14.55 UKI
- 15.00 Ofurhundurinn Krypto
- 15.21 Skógardýrið Húgó
- 15.43 Skoppa og Skríttla
- 15.55 Tommi og Jenni
- 16.00 Ævintýri Tinna
- 16.25 Latibær
- 16.47 Hvellur keppnisbíl
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveinsson
- 18.45 Elías
- 18.55 UKI
- 19.00 Kapteinn Skögultönn
- 20.15 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.15 Strákarnir
- 17.40 Frasier
- 18.00 Friends
- 18.25 Little Britain
- 18.55 Modern Family
- 19.20 Two and a Half Men
- 19.45 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel
- 21.00 The Mentalist
- 21.40 Sisters
- 22.25 Hunted
- 23.25 Shameless
- 00.20 Zero Hour
- 01.00 Red Widow
- 01.45 Sjálfstætt fólk
- 02.25 Eldsnöggt með Jóa Fel
- 02.50 Sisters
- 03.40 Hunted

BÍÓSTÖÐIN

- 11.00 Mirror Mirror
- 12.45 Save Haven
- 14.40 The Devil Wears Prada
- 16.30 Mirror Mirror
- 18.15 Save Haven
- 20.10 The Devil Wears Prada
- 22.00 Argo
- 00.00 Films to Keep You Awake
- 01.10 Abraham Lincoln. Vampire Hunter
- 02.55 Argo

RÚV

- 16.20 Vesturfarar
- 17.00 Babar og vinir hans
- 17.22 Spurt og sprellað
- 17.27 Grettir
- 17.39 Skúli skelfir
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Fréttir og veður
- 18.20 Forkeppni EM karla í fótbolta (Ísland - Holland) Bein útsending frá leik Íslands og Hollands á EM í fótbolta karla.
- 20.35 EM samantekt
- 21.05 Villta Arabía
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Veðurféttir
- 22.25 Viðtalið
- 22.50 Kvöldstund með Jools Holland
- 00.00 Hæpið
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.40 Pepsi MAX tónlist
- 15.00 Judging Amy
- 15.40 Design Star
- 16.25 The Good Wife
- 17.05 Red Band Society
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 Rules of Engagement
- 20.10 Kitchen Nightmares
- 20.55 Reckless
- 21.45 Flashpoint Flashpoint er kanadískt lögregludrama sem fjallar um sérsvæitaleymi í Toronto. Sveitin er sérstaklega þjálfuð í að takast á við óvenjulegar aðstæður og tilfelli, eins og gíslatökur, sprengjuhótanir eða alvopnaða glæpamenn.
- 22.30 The Tonight Show
- 23.10 Law & Order. SVU
- 23.55 Hannibal
- 00.40 Flashpoint
- 01.25 The Tonight Show
- 02.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.30 PGA Tour 2014
- 11.30 Golfing World 2014
- 12.35 PGA Tour 2014
- 17.35 Inside the PGA Tour 2014
- 18.00 Golfing World 2014
- 18.50 PGA Tour 2014
- 21.50 Golfing World 2014
- 22.40 2012 Ryder Cup Official Film

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 95,7** FM957 **FM 97,7** X-ið **FM 100,5** K100
FM 89,5 Retro **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 96,3** FM Suðurland **FM 98,9** Bylgjan **FM 102,9** Lindin
FM 93,5 Rás 1 **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga

Opnunartilboð

13.-18. október
að Bíldshöfða 10



**LIQUI
MOLY**

Olíur og efnavörur
fyrir bíla

25%
afsláttur

TRICO

Með hverjum tveimur
Trico rúðupurrkum
fylgja 5 lítrar af
Vaski rúðuvökva



**Wonder
Wheels**

Kauptu tvo brúsa af Wonder
Wheels bílavörum og sá
þriðji fylgir með að eigin vali.

3 fyrir 2

Við mælum rafgeyminn
í bílnum þínum þér að
kostnaðarlausu

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

MÁNUDAGSLAGIÐ



Í fyrirvaralausri fortíðarþráhyggju nefni ég lagið Friday on My Mind með áströlsku hljómsveitinni The Easybeats frá 1967.

Jakob Frímagn Magnússon, tónlistarmaður og miðborgarstjóri.

Segir RIFF vera rétta staðinn

Skrifar um Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík í The Huffington Post.

Bandaríski blaðamaðurinn James Marshal Crotty skrifar ítarlega grein um RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík, í The Huffington Post, þar sem hann segir RIFF vera rétta staðinn fyrir óháða kvikmyndagerðarmenn beggja vegna Atlantshafsins til að hittast og bera saman bækur sínar. „Hvort sem þú ert að leitast við að skrifa, skjóta eða finna stað til að skjóta – settu Reykjavík og RIFF á listann.“

Þá segir Crotty það mikinn plús að gestir á hátíðinni fái tækifæri

til að hitta stórlaxa í kvikmyndahátíðinni, eitthvað sem væri aldrei hægt á risastórum kvikmyndahátíðum eins og Sundance.

Svo virðist sem blaðamaðurinn hafi tekið nærri sér orð sem breski leikstjórinn og annar heiðursgesta hátíðarinnar, Mike Leigh, lét falla þar sem hann sat fyrir svörum á blaðamannafundi. Aðspurður um hlutverk kvikmyndaskóla í iðnaðinum svaraði Leigh með vanþóknun: „Þú ert með Hollywood og þú ert með sjálfstæða kvikmyndagerð

Evrópu. Þetta tvennt mun aldrei skarast.“ Þá sagði Leigh að kvikmyndaskólar væru „vandamál fyrir ríka krakka í Bandaríkjunum“ og að „það er ekki endilega samasemmerki á milli kvikmynda og Hollywood“.

„Svona margþvældar tuggur valda vonbrigðum þegar þær koma frá þroskuðum hæfileikamanni, sem ég vonaði að væri hafinn yfir þá ómerkilegu og barnalegu fordóma gegn Bandaríkjamönnum sem svo margir af hans samlöndum gerast sekir um.“



ADSTANDENDUR RIFF Crotty er ánægður með hátíðina.

Daglegt líf í skissum

Séra Örn Bárður Jónsson skráði sig í teikniklúbb á netinu og hefur æ síðan gengið með svarta bók í skjalatöskunni sem hann skissar allt mögulegt í.

Sjálfblekungur með svörtu bleki er verkfærið og með honum dregur séra Örn Bárður Jónsson upp lífið eins og það blasir við honum í svarta skissubók. Ekki alltaf og alls staðar, en þó býsna oft. Bókina skilur hann að minnsta kosti sjaldan við sig. Hann dregur hana upp úr skjalatöskunni sinni við ýmis tækifæri, mundar verkfærið hröðum höndum og fangar augnablikið, rétt eins og ljósmyndari.

„Ég skissa upp allt mögulegt, hús, landslag, dýr, blóm og manneskjur í mismunandi athöfnum, aðstæðum og umhverfi, hvar sem er og hvenær sem er, heima og heiman,“ segir Örn Bárður, sem vatnslitar myndirnar og skrifar oftast við þær ýmsa minnispunkta, skýringar eða athugasemdir þegar heim er komið. Hversdagslegir hlutir eins og heftari, heyrnartól og hádegisverður fá líka sitt pláss í bókinni svo fátt eitt sé nefnt. Ekkert er of ómerkilegt fyrir skissubókina að því er best verður séð.

„Ég byrjaði að skissa svipmyndir úr daglega lífinu fyrir um tveimur árum þegar ég skráði mig á urban-sketchers.org sem er teikniklúbbur á netinu fyrir þá sem hafa gaman af að skissa upp myndir á staðnum ef svo má segja. Það þýðir að ætlast er til að klúbbfélagar skissi undirbúningslaust eitthvað sem fyrir augu þeirra ber hvað svo sem það er. Ég rakst á síðuna af tilviljun þegar ég var að vafra um netið fyrir um tveimur árum og skráði mig félag því mér fannst hún kjörinn vettvangur fyrir þá sem hafa gaman af að teikna. Klúbbfélagar, sem eru frá öllum heimshornum, af öllum stéttum og á öllum aldri, geta sent inn skissur sínar til birtingar. Sjálfur hef ég sett á síðuna og einnig á flickr.com nokkrar valdar skissur og líka stærri vatnslitamyndir sem ég hef verið að mála,“ segir Örn Bárður.

Hann á þegar í fórum sínum þrjár nokkuð þykkar skissubækur og er langt kominn með þá fjórðu. Þótt margar skissur hans og vatnslitamyndir séu öllum aðgengilegar á netinu, hefur hann ekki flíkað þeim sérstaklega. Og skissubækurnar geymir hann í skjalatöskunni sinni. Samtals eru í þeim hátt í þrjú hundruð skissur. Séu þær skoðaðar í tímaröð má ráða í hvar hann



LISTIN Á NETINU Örn Bárður tekur virkan þátt í teikniklúbbi á netinu. Hann sendir annað slagðið inn valdar myndir úr skissubókinni og vatnslitamyndir, sem hann hefur málað um dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GRASRÓTARSAMTÖKIN URBAN SKETCHERS

Urban Sketchers eru grasrótarsamtök, sem rekin eru án hagnaðarvonar. Bækistöðvarnar eru í Washington-fylki á vesturströnd Bandaríkjanna. Markmiðið er að vera vettvangur og samfélag skissara um allan heim, kynna verk þeirra og hvetja þá til dáða.

Stofnandi samtakanna er Spánverjinn Gabi Campanario, myndlistarlistarmaður og rithöfundur, sem m.a. er þekktur fyrir pistla sína í Seattle Times.

hefur verið, jafnvel hvað hann hugsaði á því augnablikinu sem hann gerði skissurnar. Handskrifuðu nóturnar eru líka vísbendingar. Spurður hvort hann hafi átt sér listamannsdröma á árum áður svarar hann játandi.

„Sem strákur teiknaði ég og málaði töluvert með vatnslitum og sextán ára fór ég að fíkta með olíuliti. Síðan snerti ég ekki á neinu slíku fyrr en um fertugt, fór til dæmis í módelteikningu í Myndlistarskólanum. Þabbi var frístundamáleri og dóttir mín er myndlistarmaður svo kannski er þetta eitthvað í genunum.“



Örn Bárður hefur mikinn áhuga á að taka aukinn þátt í starfi teikniklúbbsins, t.d. sækja námskeið og viðburði sem hann standi fyrir víða um heim. „Samfélagið á urban-sketchers.org er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi. Listin lifir góðu lífi á netinu,“ segir hann.

valgerdur@frettabladid.is

Langaði að gera eitthvað „leopard“

Tölvunarfræðinemi tók þrjónana fram yfir skólann og gaf út þrjónabók.

„Mig langaði að búa til eitthvað með hlébarðamunstri og það bara endaði sem slaufa,“ segir Rannveig Hafsteinsdóttir þrjónakona, en hún er að gefa út bókina Slaufur. „Ég hef þrjónað alveg frá því að ég man eftir mér. Ég byrjaði svo að þrjóna slaufurnar í janúar og svo þróaðist þetta bara hjá mér og endaði í bók,“ segir Rannveig. Hún þrjónaði allar slaufurnar sjálf og tók líka myndirnar fyrir bókina. Í henni má finna uppskriftir að mismunandi slaufum í mismunandi stærðum. „Það

eru engar tvær eins, en ég nota mikið þrjónaspor til þess að gera munstrin í slaufurnar. Þær hafa allar mismunandi þrjón og munstur. Svo er um að gera að nota hugmyndaflugði og setja slaufurnar þar sem manni sýnist,“ segir hún. Rannveig er á þriðja ári í tölvunarfræði í Háskólanum, en hún segir þrjónaskapinn mun skemmtilegri en námið. „Ég ætla í framhaldi af þessu mögulega að opna föndursíðu með alls kyns skemmtilegum fönduruppskriftum,“ segir Rannveig.



ELSKAR SLAUFUR Rannveig með slaufurnar sem hún þrjónaði fyrir bókina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



World Sight Day

Alþjóðlegi SJÓNVERNDARDAGUR Lions

Verið velkomin á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur þriðjudaginn 14. október kl. 15:00 - 19:00.



Sjónvernd fyrir betri lífsgæði

- Ókeypis blóðsykursmæling
- Ókeypis sjónmæling
- Hittið leiðsöguhundana Bónó og Asitu
- Nýjungar í augnlækningum og sjónvernd
- Nýjasta gleraugnatískan
- Kaffi, kleinur, Hraun og gos

Vonumst til að sjá sem flesta Aðgangur ókeypis

Við leggjum lið



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

❁ 20 ára ❁

INDVERSKT AFMÆLI

5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.-sun.

❁ FORRÉTTUR ❁

(veljið einn)

- Jeera grillað lamb †
- Chicken "65" †††
- Cafreal kjúklingur ††
- Malwani risarækjur ††

❁ AÐALRÉTTIR ❁

(veljið þrjá)

Úr Tandoori ofninum

- Kalimirchi lamb †††
- Chutneywala lamb †
- Lagan kjúklingur ††
- Lasooni kjúklingur †
- Hariyali lax †

Aðrir aðalréttir

- Vindaloo lamb †††
- Achari lamb ††
- Tikka Masala kjúklingur †
- Kori Gassi kjúklingur ††
- Aloo Baigan Rajawadi grænmetisréttur †††
- Meloni Sabzi grænmetisréttur †

❁ MEÐLÆTI ❁

(fylgir allt með)

- Blanda af Naan brauði,
Raitha, Pulao hrísgrjón
og heimalagað Chutney

❁ EFTIRRÉTTUR ❁

(veljið einn)

- Engifer crème brûlée
- Pistasíu Kulfi



BROT AF ÞVÍ BESTA

Í október galdra kokkarnir fram eftirlætið úr 20 ára reynslubrunni Austur-Indía. Ekta indverskt afmæli í gjörbreyttum og glæsilegum veitingasal - þetta verður meiri veislan!

Fimm rétta hátíðarmatseðill:

5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.-sun.

Sérvalin vín með mat á aðeins 4.990 kr. og seiðandi afmælisokteill á vafalítið huggulegasta bar landsins á aðeins 1.500 kr.

Trygguðu þér sæti núna í s. 552 1630.

„Einfaldlega
besti indverski
matur í heimi“

Jakob Frímagn Magnússon

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is



Borðapantanir: 552 1630 Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30-22:00 og fös.-lau. 17.30-23.00





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Porvaldur á toppnum

Kvikmyndin Dracula Untold var á toppnum vestanhafs yfir þær myndir sem þénuðu mest í síðustu viku í Bandaríkjunum. Greinilegt er að myndin leggst vel í bandaríska bíógesti en hún skaut meðal annars myndinni Gone Girl ref fyrir rass.

Porvaldur Davíð

Kristjánsson fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni þar sem hann leikur grimma leigumórðingjann Bright Eyes.

- vh



Gekk á hæsta tind Norður-Afríku

Soffía Sveinsdóttir, veðurfréttakona á Stöð 2, gekk fyrir helgi á hæsta tind Norður-Afríku, hinn 4.167 metra háa Toubkal í Marokkó. Soffía var í góðum höndum í ferðinni því Leifur Örn Svavarsson Everestfari var fararstjóri. „Gangan gekk mjög vel og það fann enginn fyrir hæðarveiki,“ segir Soffía sem gekk með þrettán manna hópi frá Trimmklúbbi Seltjarnarness.

„Þetta var sex daga gönguferð í Atlasfjöllunum í Marokkó sem lauk á því að við gengum upp Toubkal,“ segir Soffía.

- ih



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Vikan á Vísi: Fermetrar Árna, Hundagröf og Krummi í Mínus
- 2 „Ef Guð leyfir, mun þessi vefsíða snúa fljótt aftur“
- 3 Íslenska IS-síðan komin aftur í gang
- 4 „Hvað er þessi Baltasar Kormákur að vilja upp á dekk?“
- 5 Ebólusmit staðfest í Bandaríkjunum

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

RÝMUM FYRIR
NYJUM
VÖRUM
50%
AFSLÁTTUR!

iMattress™

sleep system by comfort solutions®

The cooler side of sleep.™

50%
AFSLÁTTUR!



iMATTRESS XS1

Queen Size (153x203 cm)

Fullt verð 327.102 kr.

RÝMINGARVERÐ
163.551 kr.

iMATTRESS XS1

King Size (193x203 cm)

Fullt verð 471.138 kr.

RÝMINGARVERÐ
235.569 kr.

iFUSION™

by Comfort Solutions®

natural AirFlo



50%
AFSLÁTTUR!

SILVIA
HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.

Verð nú 32.775 kr.

25%
AFSLÁTTUR!



FÆST Í SVÖRTU,
HVÍTU OG BRÚNU

rekkjan

HEILSURÚM